# FRÉTTABLAÐIÐ

64. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 16. MARS 2018





Nýr keppnisbúningur fótboltalandsliðsins var frumsýndur við hátíðlega athöfn á Laugardalsvelli í gær. Líkt og síðustu 16 ár er hönnun íslenska búningsins í höndum Errea. Forsvarsmenn Tólfunnar, stuðningsmannaliðs Íslands, voru á staðnum og gáfu treyjunni góða einkunn. Álitsgjafi Fréttablaðsins var ekki jafn hrifinn af búningnum sem fór í almenna sölu í gær. Sjá síðu 16. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Uppgjör innan þingflokks VG fram undan

**STJÓRNMÁL** Bjarkey Olsen, þingflokksformaður Vinstri grænna reyndi að kalla inn varaþingmann fyrir Rósu Björk Brynjólfsdóttur, þingmann flokksins, án samþykkis þingmannsins. Bjarkey segir samskipti innan þingflokksins stirð. Ekki bætti ákvörðun Rósu og Andrésar Inga Jónssonar, annars þingmanns VG, um að styðja vantraust á dómsmálaráðherra í síðustu viku úr skák. „Það er óhætt að segja að samskiptin séu erfið innan þingflokksins,“ segir Bjarkey, en málin verða rædd og tilraun gerð til að hreinsa andrúmsloftið á þingflokksfundi í næstu viku. **– sa/****sjá síðu 4**



# Meðlimir Sigur Rósar sakaðir um skattsvik

**Sýslumaður kyrrsetti eignir meðlima Sigur Rósar upp á tæplega 800 milljónir króna vegna meintra skattalagabrota. Hljómsveitarmeðlimir mótmæltu allir.**

**SKATTAMÁL** Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur kyrrsett eignir meðlima Sigur Rósar, að kröfu tollstjóra. Um er að ræða kyrrsetningu upp á tæplega 800 milljónir króna sem nær til allra þriggja meðlima sveitarinnar; Jóns Þórs Birgissonar, Georgs Hólm og Orra Páls Dýrasonar. Samkvæmt heimildum er ástæðan rannsókn skattrannsóknarstjóra á meintum skattalagabrotum.

Krafan var tekin fyrir og birt þremenningunum í desember síðastliðnum. Undir hana falla kyrrsetningar á fasteignum, ökutækjum, bankareikningum og hlutafé í fyrirtækjum. Hæsta krafan var á hendur söngvara sveitarinnar, Jóni Þór, eða Jónsa líkt og hann er jafnan kallaður, en hún nam 638 milljónum króna. Þar er um að ræða kyrrsetningu á þrettán húseignum, tveimur bifhjólum og tveimur fólksbílum, sem og sex bankareikningum og hlutafé í þremur fyrirtækjum.

Þá voru tvær fasteignir í eigu trommarans Orra Páls kyrrsettar, en verðmæti þeirra er um 82 milljónir króna. Tvær fasteignir í eigu bassaleikarans Georgs Hólm voru kyrrsettar og er verðmæti þeirra 78,5 milljónir.

Allir þrír mótmæltu kyrrsetningunni á grundvelli þess að stór hluti hennar varði einfalda túlkun á tekjuskattslögum. Um hafi verið að ræða handvömm endurskoðanda en ekki ásetning.

Ekki hafa fengist upplýsingar um fjárhæð meintra skattaundanskota. Hins vegar má gera ráð fyrir að þau nemi mörg hundruð milljónum króna því lögum samkvæmt er ekki heimilt að kyrrsetja eignir umfram þá fjárhæð sem meint skuld stendur í. **– sks**

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Breskur fréttamaður á BBC er höfundur nýrrar bókar um Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Hann hefur áður unnið að umfjöllun um málin. **2**

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um glórulaust metnaðarleysi. **13**

**MENNING** Kolbeinn Þorsteinsson les úr óbirtu verki föður síns á minningarhátíð í Iðnó. **24**



**LÍFIÐ** Yfirtollstjóri segir mikið um að fólk kaupi eftirlíkingar á erlendum netverslunum. **30**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÍSLENSKUR STRANDBÚNAÐUR**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





## Veður




Austlæg átt 8-15 m/s og víða rigning í dag, mest SA-lands og á Austfjörðum. Hiti 3 til 9 stig að deginum. Suðaustan 5-13 á morgun og léttir til fyrir norðan, en áfram rigning um landið S- og V-vert. SJÁ SÍÐU 22

# Mikilvægt að trúa þolendum

**SAMFÉLAG** Mistök áttu sér stað þegar Barnavernd Reykjavíkur brást ekki á réttan hátt við tilkynningu um meintan kynferðisbrotamann árið 2008.

Þetta kemur fram í skýrslu innri endurskoðunar borgarinnar sem lögð var fyrir á fundum borgarráðs og velferðarráðs Reykjavíkurborgar í gær.

Kemur þar einnig fram að verkferlar barnaverndar og velferðarsviðs séu þó í samræmi við lög.

> Okkur ber fyrst og fremst að standa með þolendum og aðstandendum þeirra. Mikilvægt er að á alla sé hlustað og að þolendur séu teknir trúanlegir í hvívetna.

Í fréttatilkynningu frá velferðarsviði kemur fram að það taki undir niðurstöðurnar.

Jafnframt hafi sviðið sett fram aðgerðaáætlun í tíu liðum sem á að stuðla að auknu öryggi barna og bæta ráðningaferli innan sviðsins og barnaverndar.

Var samþykkt á fundi velferðarráðs að vísa til borgarráðs tillögu um aukafjárveitingu upp á 39,3 milljónir króna vegna áætlunarinnar fyrir árið 2018.

„Okkur ber fyrst og fremst að standa með þolendum og aðstandendum þeirra. Mikilvægt er að á alla sé hlustað og að þolendur séu teknir trúanlegir í hvívetna,“ var haft eftir Elínu Oddnýju Sigurðardóttur, formanni velferðarráðs, í tilkynningunni.

„Við tökum niðurstöðu innri endurskoðunar mjög alvarlega og munum strax setja fullan kraft í úrbætur í málaflokknum,“ var enn fremur haft eftir formanninum í tilkynningunni. – **þea**

## Enn á lífi




„Enn á lífi“ stóð á þessari peysu sem gestum Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur gafst kostur á að skoða á opnunarhátíð HönnunarMars sem fór þar fram í gær. Hátíðin fagnar í ár tíu ára afmæli. Við sama tilefni var opnuð í gær sýningin #endurvinnumálið sem og sýningar grafískra hönnuða undir merkjum FÍT. Á fyrrnefndu sýningunni gefst gestum kostur á að skoða hönnun úr áli sem áður var notað í sprittkerti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Oddviti verður áheyrnarfulltrúi

**STJÓRNMÁL** Ingvar Jónsson, oddviti framboðslista Framsóknarflokks í borgarstjórnarkosningunum í maí, hefur tekið við sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur.

Fyrir Ingvari víkur Sævar Þór Jónsson sem áheyrnarfulltrúi. Þá hefur Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir borgarfulltrúi vikið sem varaáheyrnarfulltrúi í ráðinu til að rýma fyrir Aðalsteini Hauki Sverrissyni sem fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina. – **gar**



**Ingvar Jónsson.**

# Fréttamaður BBC með bók um Geirfinnsmál

**Breski fréttamaðurinn Simon Cox er höfundur nýrrar bókar um Guðmundar- og Geirfinnsmál. Birti ítarlega umfjöllun um málin á vef BBC árið 2014. Væntanleg endurupptaka málanna varð tilefni til að gera þeim betri skil á ensku.**

**SAMFÉLAG** Komin er út bókin „The Reykjavik Confessions“ eftir breska fréttamanninn Simon Cox, um Guðmundar- og Geirfinnsmál.

„Þessi mál eru bæði svo flókin og spennandi að mér fannst þau verðskulda dýpri umfjöllun þannig að mig langaði ekki til að leggja frá mér málið,“ segir Simon, sem vann efnismikla umfjöllun um þessi íslensku sakamál sem birtist á vef BBC í maí 2014 og vakti mikla athygli bæði í Bretlandi og hér heima.

Simon segir nýtt tilefni hafa komið þegar niðurstaða endurupptökunefndarinnar kom.

Þungamiðja bókarinnar snýst um þann tíma sem sakborningarnir sex sátu í einangrun og stöðugar yfirheyrslur stóðu yfir. „Þú myndir lesa bókina, vonandi eins og um skáldsögu væri að ræða, en þetta er ekki skáldsaga heldur sönn saga,“ segir Simon og segir hana í sama stíl og bók Trumans Capote, Með köldu blóði (en. In Cold Blood).

„Mig langaði að varpa ljósi á þann skrykkjótta feril sem endaði með því að þau voru öll fundin sek,“ segir Simon en tekur fram að eflaust sé efni bókarinnar mörgum Íslendingum kunnugt. „En fyrir lesendur annars staðar í heiminum fannst mér full ástæða til að gefa þessa dýpri innsýn en fyrri umfjöllunin náði að gera.“

Sagan er byggð á rannsóknum höfundarins, meðal annars upprunalegum gögnum málsins og öðru efni sem út hefur komið.

Mikið af efni er til um sakamálin á íslensku auk dóma sakadóms og Hæstaréttar; bæði rannsóknargögn lögreglunnar og síðari tíma rannsóknaraðila. Þá hefur nokkur fjöldi bóka komið út um málin að ógleymdri nánast stöðugri fjölmiðlaumfjöllun um þau undanfarna áratugi. Það er því úr ýmsu að moða fyrir áhugasama rannsakendur.

Símon talar hins vegar ekki íslensku. „Sumt hef ég fengið þýtt og annað lauslega þýtt. Ég hef líka fengið mikla hjálp frá Íslendingum sem legið hafa í rannsóknum á málunum og byggi líka á viðtölum við þá sakborninga sem ég hef fengið aðgang að.“

Simon segist mjög hafa reynt að nálgast rannsóknarlögreglumennina sem rannsökuðu málin á sínum tíma en ekki haft erindi sem erfiði. „Mig langar svo til að skilja hvað dreif þá áfram í rannsókninni og hvað það var sem leiddi þá að sínum niðurstöðum um sekt sakborninganna, það er ráðgáta sem ég velti mikið fyrir mér,“ segir Simon.

**adalheidur@frettabladid.is**



**Simon Cox fékk málið á heilann eins og margir aðrir.** MYND/ NICHOLE REES




**Bókin er gefin út af BBC Books í samstarfi við Penguin Random House.**

PÁSKATILBOÐ
Mikið úrval vandaðra grilla á tilboði




LANDMANN
Grillin eru frá Þýskalandi

FULLT VERÐ 79.900
PÁSKATILBOÐ
69.900

- Afl 10,5 KW
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Postulínsemaleruð efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Vönduð yfirbreiðsla fylgir

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

kl. 12–16

# Páskasýning

á morgun, laugardag




**Stórsýning hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi**

Við tökum forskot á páskana og bjóðum fjölbreytt úrval bíla með veglegum kaupaukum og **Hybrid bíla á frábærum kjörum**. Páskaegg fyrir yngstu kynslóðina og tíu heppnir ökuþórar hljóta 75.000 Vildarpunkta Icelandair og páskaegg nr. 7 frá Nóa í reynsluakstursshappdrætti Toyota. Taktu fjölskylduna með og aktu brosandi inn í vorið á draumabílnum.

**Sértilboð á 15 völdum bílum**

**Reynsluakstursshappdrætti**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

NÓI SÍRÍUS

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 87768 03/18

# Fær bætur eftir að hún fauk í ofsaveðri í Reynisfjöru

**FERÐAÞJÓNUSTA** Kona, sem slasaðist í Reynisfjöru í hópferð á vegum ferðaþjónustufyrirtækis, fær helming tjóns síns bættan úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum (ÚNVá).

Atvik málsins voru þau að konan slasaðist þegar hún fauk til í ofsaveðri í Reynisfjöru þann 30. október 2014. Tókst hún á loft í einni vindhviðunni og slasaðist meðal annars illa á hendi. Taldi konan að glapræði hefði verið af bílstjóra og leiðsögumanni að halda för áfram í ljósi þess hvassviðris sem var þann dag.

Í málinu lá fyrir að vindur var yfir 20 m/s og fór yfir 35 m/s í hviðum á þeim tíma sem slysið átti sér stað. Við Skógafoss höfðu fararstjórar samband við framkvæmdastjóra fyrirtækisins og var afráðið að halda för áfram þrátt fyrir veðurofsann.

Þegar í Reynisfjöru var komið fór fararstjórinn úr rútunni. Bar hún því við að hún hefði þá þegar séð hve slæmt veður var og reynt að smala fólki aftur inn í rútuna. Sönnunargildi þess framburðar var metið með hliðsjón af því að vitnisburðurinn var ódagsettur og löngu eftir að slysið átti sér stað. Var það mat ÚNVá að skipuleggjendur og stjórnendur ferðarinnar hefðu sýnt af sér gáleysi með því að hleypa fólki út úr rútunni og niður í fjöru. Bæru þeir því ábyrgð á tjóninu. Konan var hins vegar látin bera helming tjóns síns sjálf þar sem hún hefði kosið að taka áhættuna á að fara niður í fjöru þrátt fyrir veðurhaminn. – jóe



Úr Reynisfjöru. Fólkið á myndinni tengist fréttinni ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK

## Tveimur sagt upp hjá Fríhöfninni

**VINNUMARKAÐUR** Tveimur var í vikunni sagt upp hjá Fríhöfninni ehf., einkahlutafélagi sem er alfarið í eigu Isavia ohf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var annar starfsmannanna með þriggja áratuga starfsreynslu hjá fyrirtækinu.

Að sögn Þorgerðar Þráinsdóttur framkvæmdastjóra var mönnunum sagt upp vegna skipulagsbreytinga. Fækka þurfti um tvo starfsmenn í sextán manna deild og var það gert með þessum hætti eftir frammistöðumat. Ekki væri þó um að ræða uppsagnir í stórum stíl eða meiriháttar breytingar á rekstri Fríhafnarinnar. – þea



Þorgerður Þráinsdóttir.

## Slegin bótalaust af fyrrverandi

**TRYGGINGAR** Kona sem slegin var af fyrrverandi unnusta sínum, með þeim afleiðingum að hljóðhimna rofnaði og tönn losnaði, á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum (ÚNVá).

Fólkið hafði deilt um barnapössun og konan beðið manninn um að víkja af heimilinu. Hann hreytti þá ítrekað ókvæðisorðum í hana og dóttur hennar. Konan brást við með því að ýta manninum sem sló hana á móti með fyrrgreindum afleiðingum.

Í niðurstöðu ÚNVá segir að tryggingin bæti slys sem vátryggður verði fyrir. Undanþegin bótaskyldu séu slys sem vátryggður verði fyrir í handalögmálum. Þar sem ekki þótti sannað að konan hafi ýtt við manninum til að verja sig eða ýta honum af heimilinu var talið að hún hefði staðið í handalögmálum. Því fékk hún ekki bætur. – jóe

# Reyna að draga úr spennu í VG á þingflokksfundi í næstu viku

**Samskiptin innan VG eru stirð og hafa verið það í nokkurn tíma að mati þingflokksformanns VG. Ekki sé búið að hreinsa loftið eftir atkvæðagreiðslu um vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar á dómsmálaráðherra. Þingflokksformaður VG reyndi að kalla inn varamann fyrir Rósu Björk án þess að spyrja hana um það.**

**STJÓRNMÁL** Ákvörðun tveggja þingmanna VG um að styðja vantraust á Sigríði Andersen hefur enn ekki verið rædd innan þingflokks VG og eru samskipti stirð milli þingflokksformanns og þingmannanna tveggja sem fóru gegn flokkslínunni. Stefnt er að því að létta á andrúmsloftinu innan flokksins með því að ræða málið á þingflokksfundi í næstu viku þegar allur þingflokkurinn verður saman kominn í þinginu eftir nefndarviku.

Andrés Ingi Jónsson og Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmenn VG, greiddu atkvæði með vantrausti á dómsmálaráðherra í síðustu viku. Þau eru nú erlendis í erindagjörðum á meðan nefndarvika stendur yfir.

„Andrés er á eigin vegum þannig að hann yrði launalaus ef hann tæki inn varamann. Rósa kaus einhverra hluta vegna að taka ekki inn varamann þótt hún væri erlendis á vegum þingsins og á launum á meðan. Ég óskaði eftir því að þau bæði tækju inn varamann á þessum tíma,“ segir Bjarkey Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG. „Það er óhætt að segja að samskiptin eru erfið innan þingflokksins. Það er ekkert sérstaklega við mig frekar en aðra en þau eru svolítið erfið og hafa verið það og það er ekkert nýtt. Það er óhætt að segja að frá upphafi hefur þetta verið pínulítið þyngra en við höfum átt að venjast fram til þessa.“

Auk Rósu Bjarkar og Andrésar er einnig Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður VG, í erindum erlendis. Hann er eini þingmaður VG sem kallaði inn varamann fyrir sig. Þingmönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir kalli inn varamenn. Bjarkey segir að hún



Samskipti innan þingflokks Vinstri grænna eru stirð og fram undan er uppgjör milli þingmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bjarkey Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG.

hafi reynt að kalla inn varamann fyrir Rósu án þess að hafa fyrir því staðfestingu né leyfi þingmannsins.

„Já, ég reyndi að gera það, ég hélt að það væri samkomulag um það því hún væri úti á vegum þingsins. En hún afturkallaði það,“ segir Bjarkey. „Hún var ósátt og fannst ég taka fram fyrir hendurnar á sér sem er að mörgu leyti rétt. Ég taldi hins vegar bara að það væri samkomulag um annað. Það voru kannski mistök af minni hálfu.“

Rósa Björk Brynjólfsdóttir er á fundi framkvæmdastjórnar og stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í París. Hún segir það alfarið hennar ákvörðun hvort varamaður sé kallaður inn eða ekki og ekki í höndum þingflokksformanns. „Það er undir hverjum og einum þingmanni komið að kalla inn varaþingmann eða ekki. Ég ákvað að kalla ekki inn varaþingmann í þetta sinn þar sem nefndarvika er í þinginu og ekki nein risavaxin mál í mínum nefndum,“ segir Rósa Björk. Að öðru leyti vildi hún ekki tjá sig um málið.

sveinn@frettabladid.is



# OUTLET

HOLTAGARÐAR

# ÓTRÚLEG VERÐ

*Öll leikföng 500 kr*

*Allir brjóstahaldarar á 1.000 kr*

*Barnaúlpur frá 500 kr*

*Snyrtivörur frá 100 kr*

*Fatnaður frá 200 kr*

*Tamaris skór 3.000 kr*

**OPIÐ ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA 12-18**

# Frétti af launahækkun forstjórans í fjölmiðlum

**VIÐSKIPTI** „Þetta voru fréttir fyrir mig líka, ég vissi ekki af þessu þannig að við höfum ekki náð að skoða þetta," segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, um launahækkanir forstjóra N1 sem Fréttablaðið greindi frá í gær. Gildi lífeyrissjóður er næststærsti hluthafi N1.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær hækkuðu laun og hlunnindi Eggerts Þórs Kristóferssonar, forstjóra N1, um sem nemur rúmri milljón á mánuði í fyrra frá árinu áður. Málið hefur vakið hörð viðbrögð úr röðum verkalýðsforystunnar en hinir ýmsu lífeyrissjóðir eiga rúm 50 prósent í félaginu sem skráð er í Kauphöllina.



Árni Guðmundsson.

Stærstu hluthafar félagsins eru Lífeyrissjóður verslunarmanna með 13,3 prósenta hlut og Gildi með 9,2 prósenta hlut. Fréttablaðið sendi fyrirspurnir á framkvæmdastjóra þeirra um hvort athugasemdir hefðu verið gerðar við þessar hækkun, með tilliti til meðal annars hluthafastefnu sjóðanna.

Gildi samþykkti nýja hluthafastefnu fyrir stórar fjárfestingar árið 2015, sem teljast 0,5 prósent eða meira í hverju félagi eða að sjóðurinn sé meðal fimm stærstu hluthafa. Í henni eru sett fram viðmið um upplýsingagjöf hvað varðar starfskjör og starfskjarastefnu og kveðið á um að stuðla að auknum og gagnkvæmum samskiptum við stjórnir félaga. Í stefnunni segir að áhersla sé lögð á að ávallt liggi fyrir „greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum stjórnenda og starfsmanna, m.a. árangurstengdum launagreiðslum s.s. kaupaukum".

Kjarabót forstjórans upp á rúm 20 prósent og fjögurra framkvæmdastjóra upp á tæp 16 prósent virðist hins vegar hafa komið forsvarsmönnum Gildis í opna skjöldu.

„Við eigum eftir að ræða þetta innan sjóðsins þannig að ég get ekkert sagt eins og staðan er núna. Bara „no comment" í bili," segir Árni.

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, hefur ekki svarað fyrirspurn Fréttablaðsins. **– smj**

## Katrín hittir Angelu Merkel

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mun funda með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, á mánudaginn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer fundurinn fram í Berlín.

Angela Merkel endurnýjaði umboð sitt sem kanslari Þýskalands fyrr í mánuðinum eftir að Jafnaðarmannaflokkurinn og Kristilegir demókratar endurnýjuðu samstarf sitt.

Merkel hefur verið kanslari Þýskalands frá árinu 2005. **– jhh**



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**MEST LESIÐ**

1 Trampólínslys í Skypark: „Það var allt í blóði"

2 Átak gegn vændi í gegnum Airbnb

3 Facebook-boð í partí þótti ótækt málsgagn

4 Stjórnarformaður Borgunar segir regluverkið ekki frítt

# Kínverskur ekkill fær ekki bætur eftir lát konu sinnar í Silfru

**Ekkert var athugavert við köfunarferð ferðaþjónustufyrirtækis í Silfru í janúar 2016. Kínversk kona lést eftir slys í ferðinni. Kröfu manns hennar um bætur var hafnað af úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.**

**SLYS** Kínverskur ferðamaður á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ferðaþjónustufyrirtækis vegna andláts eiginkonu sinnar hér á landi. Kona hans lést í janúarlok 2016 eftir köfunarslys í Silfru. Ekki þótti sannað að leiðsögumaður hjónanna hefði borið sig rangt að. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum (ÚNVá).

Atvik málsins voru þau að kínversku hjónin voru á leið í köfunina ásamt bandarískum hjónum og leiðsögumanni. Eftir að þau höfðu farið af stað synti leiðsögumaðurinn á eftir hópnum og tók þá skyndilega eftir því að konuna vantaði. Í sömu mund sá hann miklar loftbólur hinum megin við hrygg í gjánni sem verið var að kafa í og lá konan þar á syllu á um fimm metra dýpi.

„[Leiðsögumaðurinn] hafi þá farið til hennar, þá hafi hann séð að hún var með lunga að búningnum uppi í munninum og ofandaði. Leiðsögumaðurinn segir að þegar hann hafi ætlað að ná sambandi við konuna hafi hún brotist um og slegið út úr sér lunganu," segir í lögregluskýrslu málsins.

Á þeim tímapunkti var konan með meðvitund og reyndi leiðsögumaðurinn að koma lunganu upp í hana á nýjan leik. Konan streittist á móti með þeim afleiðingum að hún féll af syllunni og um 30 metra til botns í gjánni.

Með aðstoð bandaríska mannsins náðist að koma konunni á land á ný en þaðan var hún flutt með þyrlu á sjúkrahús í Reykjavík. Þar lést hún tveimur dögum síðar. Konan var á þrítugsaldri.



**Orsök slyssins er talin sú að konan hafi fjarlægt lungað úr munni sér og fengið við það sjokk.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eiginmaður hennar krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu ferðaþjónustufyrirtækisins. Taldi hann að leiðsögumaðurinn hefði brotið gegn sérfræðiábyrgðarreglu bótaréttarins sem og ákvæðum laga og reglugerða um köfun. Of mikið blý hafi verið notað til þyngingar konu hans, viðbrögð leiðsögumannsins við aðstæðum hafi verið röng og að slysið megi rekja til gáleysis hans. Þá hafi búnaðurinn sem notaður var ekki uppfyllt lagaskilyrði.

Kínverski maðurinn bar svo við að ekki hefði verið farið yfir öryggisatriði köfunar áður en fólkið fór í vatnið. Sá framburður stangaðist á við frásögn leiðsögumannsins sem og bandarísku hjónanna. Sögðu þau að leiðsögumaðurinn hefði farið „rækilega yfir notkun alls köfunarbúnaðarins uppi á landi áður en farið var í köfunina og hann hafi sýnt notkun þurrbúningsins og farið yfir öryggisatriði".

Ekki þótti sýnt fram á að viðbrögð leiðsögumannsins og björgunaraðgerðir hans hafi verið rangar. Þá stóðst köfunarbúnaðurinn allar skoðanir tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. ÚNVá taldi ekkert fram komið sem benti til þess að ranglega hefði verið staðið að ferðinni og því skilyrði bóta úr ábyrgðartryggingunni ekki uppfyllt.

**joli@frettabladid.is**












VOR-ERIKURNAR ERU KOMNAR!

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Segja Svandísi ganga lengra en forvera sinn


Svandís Svavarsdóttir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um rafrettur gengur enn lengra en frumvarp forvera hennar, Óttars Proppé, að því leyti að það gerir ráð fyrir takmörkunum á notkun rafrettna og viðskiptum með þær, hvort sem þær innihalda nikótín eða ekki. Þetta kemur fram í umsögn Félags atvinnurekenda (FA) við frumvarpið. Þar segir að afleiðingarnar séu skringilegar. Ákvæði frumvarpsins virðist þýða að setja verði á nikótínlausar rafrettur merkingar um að þær innihaldi nikótín.

Þetta er á meðal þeirra mörgu atriða í frumvarpinu sem Félag atvinnurekenda gagnrýnir í umsögn sinni til Alþingis. FA bendir á að fjölmörg ákvæði frumvarpsins gangi lengra en Evróputilskipunin, sem því er ætlað að innleiða, án þess að rökstutt sé hvers vegna nauðsynlegt sé að ganga lengra í inngripum í viðskipta- og athafnafrelsi fólks. Til dæmis ákvæðin um bann við sýnileika rafrettna í verslunum, ákvæði um takmarkanir á notkun þeirra sem leggja rafrettur að öllu leyti að jöfnu við sígarettur og áðurnefnd ákvæði um að lögin taki einnig til rafrettna sem innihalda ekki nikótín. **– jhh**

# Engin áform um lokun Toys 'R' Us hér á landi

**VIÐSKIPTI** „Allar verslanir Toys 'R' Us á Íslandi eru reknar af dönsku fyrirtæki sem heitir Top Toy og er algjörlega óviðkomandi Toys 'R' Us í Bandaríkjunum. Top Toy rekur um 300 verslanir, bæði BR verslanir og Toys 'R' Us verslanir á Norðurlöndunum og við erum langt frá því að fara að loka," segir Sigurður Þorgeir Jónasson, verslunarstjóri Toys 'R' Us á Smáratorgi.

Fram kom í fréttum í fyrradag að starfsmönnum Toys 'R' Us í Bandaríkjunum hafi verið tilkynnt að fyrirtækið hyggist loka öllum verslunum leikfangakeðjunnar í landinu. Fyrirtækinu verði slitið.

Á vefsíðu Top-Toy birtist yfirlýsing þar sem kemur fram að fyrirtækið hafi gert samning um notkun á Toys 'R' Us vörumerkinu árið 1996. Fyrirtækið reki núna yfir 70 verslanir í Danmörku, á Íslandi, í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, auk vefverslana.

Þá segir að Top-Toy fylgist með þróuninni í Bandaríkjunum og Bretlandi en ekkert sé hægt að segja fyrir um framtíð vörumerkisins. **– jhh**

# Tugmilljóna skattur á styrktarsjóði skoðaður

**Formaður allsherjar- og menntamálanefndar segir fréttir af skattlagningu styrktarsjóða hafi hrist upp í mönnum. Vill að málið verði tekið til skoðunar. Eðlilegt væri að frumkvæðið komi frá ráðuneytinu, en ekki útilokað að nefndin beiti sér.**


Samkvæmt skýrslu sem Deloitte vann fyrir HÍ greiða styrktarsjóðir skólans meira í fjármagnstekjuskatt en sjóðir á Norðurlöndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SKATTAMÁL** „Það hristi svolítið upp í mönnum að sjá fréttina um þetta og alveg eðlilegt að þetta sé athugað," segir Páll Magnússon, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Fréttablaðið greindi frá því í fyrradag að samkvæmt niðurstöðu úttektar sem Deloitte gerði fyrir Háskóla Íslands eru styrktarsjóðir sem styrkja rannsóknir og vísindastarf á Íslandi ekki samkeppnishæfir við slíka sjóði í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum.

Ástæðan er að sjóðirnir eru ekki undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts eins og gerist erlendis. Fjármagnstekjuskattur hér hefur hækkað úr 10 prósentum í 22 prósent á nokkrum árum. Bjarni Þór Bjarnason, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, sagði að einn stærsti styrktarsjóðurinn, Háskólasjóður h/f Eimskipafélags Íslands, greiði að jafnaði álíka mikið í fjármagnstekjuskatt og hann veitir í styrki. Væri skattaumhverfið hér sambærilegt við umhverfið úti gæti sjóðurinn úthlutað hér um bil tvöfalt meiri styrkjum.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur málið verið til skoðunar þar. Engar frekari upplýsingar fengust þó frá ráðuneytinu.

Páll Magnússon, segir engar tillögur eða hugmyndir hafa borist allsherjar- og menntamálanefnd, hvað þá frumvarp. „Það er að mínu viti þó sannarlega þess virði að það sé farið yfir þetta. Ég hef ekki á þessum tímapunkti mótað mér neina fastmótaða skoðun á þessu. En þetta er sannarlega þess virði að það sé skoðað. Mér finnst eðlilegt að frumkvæðið að þessu komi úr ráðuneytinu sem kynni svo sínar hugmyndir eða niðurstöður í því," segir Páll. Það sé hinn eðlilegi farvegur fyrir málið. Hins vegar sé ekkert útilokað að nefndin taki það upp að eigin frumkvæði. „En það hefur ekki verið gert ennþá."

Komið hefur fram að stærstu sjóðirnir eru allt að þrír milljarðar svo ríkið er að taka á bilinu 60 til 100 milljónir í fjármagnstekjuskatt af sjóðunum. **jonhakon@frettabladid.is**



# NÝ BÓK Á NÁTTBORÐIÐ!




**Átta fjöll**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Það sem að baki býr**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Hin illa arfleið**
**VILDARVERÐ: 3.100.-**
Verð: 3.799.-




**Náttbirta**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Í viðjum drambs og hroka**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.699.-




**Sálir vindsins**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Hulduheimar - Skýjaeyjan**
**VILDARVERÐ: 1.399.-**
Verð: 1.699.-




**Konan í glugganum**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Fornar hafnir**
**VILDARVERÐ: 11.999.-**
Verð: 14.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 18. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Þúsundir flúðu Austur-Ghouta

**SÝRLAND** Þúsundir almennra borgara flúðu Austur-Ghouta í Sýrlandi í gær. Fór fólkið fótgangandi út af svæðinu. Svo margir hafa ekki flúið svæðið á sama degi frá því stjórnarher Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, setti aukinn þunga í sókn sína í febrúar. Reuters greindi frá.

„Við höfðum setið föst niðri í kjallara lengi og þorðum ekki að koma út. Við gátum ekki verið hér lengur. Hér er enginn matur,“ sagði einn hinna flúnu við Reuters í gær í útjaðri bæjarins Hammouriyeh.

Annar maður, Amer al-Shourbaji, hafði svipaða sögu að segja. Sagði hann ekkert vatn í Austur-Ghouta, ekkert rafmagn og enga menntun fyrir börn sín.

„Á hverjum degi flýja um 800 manns,“ hafði rússneski miðillinn RIA eftir rússneska herforingjanum Vladímír Zolotúkhín. Rússar eru helstu bandamenn Assad-stjórnarinnar. Samkvæmt eftirlitssamtökunum Syrian Observatory for Human Rights hafa að minnsta kosti 12.500 nú flúið svæðið og haldið inn á yfirráðasvæði stjórnarliða.

Enn eru um 400.000 almennir borgarar innlyksa í Austur-Ghouta en stjórnarherinn nálgast markmið sitt um að taka svæðið. Hefur hann nú þegar klofið yfirráðasvæði uppreisnarmanna í tvennt. Nærri þúsund hafa fallið í linnulausum árásum Assad-liða. – **þea**


# Styrkir

Fræðslusjóðs til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.**

Forgangssvið við úthlutun árið 2018 eru:

- Hæfnigreiningar starfa í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.
- Þróun þrepaskipts starfsnáms í framhaldsfræðslu.
- Þróa og útfæra leiðir til að auðvelda og efla fræðslu innan fyrirtækja og í dreifðum byggðum

Við mat á umsóknum verður litið til þess hvernig verkefni fellur að markmiðum í 2. grein laga um framhaldsfræðslu og hvort umsækjandi hafi sýnt fram á faglega þekkingu og reynslu til að vinna verkefni sem sótt er um styrk til

Einnig verður skoðað hvort verkefni:

- hafi skýr skilgreind markmið og vel skilgreinda verkefnastjórn,
- mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarúrræði í framhaldsfræðslu,
- feli í sér nýsköpun eða þróun sem nýtist markhópi framhaldsfræðslu,
- feli í sér samstarf og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint,
- hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun,
- sé líklegt til að skila hagnýtri afurð og verði vel kynnt.

Tekið er á móti umsóknum til og með 24. apríl 2018.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari upplýsingar um vinnuferli og viðmið vegna styrkumsóknar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, **www.frae.is**. Þar eru einnig upplýsingar um fyrri úthlutanir til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDS FRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




Pútín er ósáttur við málflutning Breta. NORDICPHOTOS/AFP

# Beina spjótum sínum að Pútín

## Vesturveldin segja í sameiginlegri yfirlýsingu að Rússar hafi framið svívirðilegan glæp með því að ráðast á Sergei Skrípal og dóttur. Rússar neita enn sök.

**RÚSSLAND** Bretar, Frakkar, Bandaríkjamenn og Þjóðverjar sögðu í sameiginlegri yfirlýsingu í gær að ekki væri hægt að útskýra morðtilræðið við Sergei Skrípal og Júlíu, dóttur hans, á annan hátt en að yfirvöld í Rússlandi hafi staðið þar að baki. Bandaríkjamenn innleiddu sömuleiðis þvinganir gagnvart nítján Rússum vegna afskipta af forsetakosningum ársins 2016 og meintum netárásum.

Athygli Vesturlanda hefur ítrekað beinst að Rússlandi undanfarin misseri og hefur hin meinta árás á Skrípal-feðgin ekki skapað Rússum neina velvild. Þeir neita þó staðfastlega að hafa komið að árásinni.

Skrípal-feðgin fundust meðvitundarlaus á bekk í Salisbury á Bretlandi fyrr í mánuðinum. Rannsókn hefur leitt í ljós að eitrað var fyrir þeim með taugaeitri, svokölluðu novichok-eitri, sem framleitt var og þróað í Sovétríkjunum á síðustu öld. Skrípal er Rússi en var gagnnjósnari fyrir Breta. Fyrir þær njósnir hlaut hann fangelsisdóm í Rússlandi árið 2006 en fékk hæli í Bretlandi eftir njósnaraskipti 2010.

„Við teljum Rússa ábyrga fyrir þessari svívirðilegu og fyrirlitlegu árás,“ sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, þegar hún heimsótti árásarvettvang í gær. Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði um sorglegt mál að ræða sem ríkisstjórn hans tæki alvarlega.

Ríkin fjögur segjast harma atburðinn í hinni sameiginlegu yfirlýsingu. „Þetta er árás á Bretland. Notkun hvaða ríkis sem er á vopni sem þessu er skýrt brot á alþjóðalögum og samningnum um bann við efnavopnum,“ sagði í yfirlýsingunni. Ríkin hvöttu Rússa til þess að svara öllum spurningum um árásina og að útskýra hvernig og hvers vegna eitrinu var beitt.

Á fundi öryggisráðs SÞ í gær sögðust Rússar aldrei hafa framleitt eða rannsakað novichok. Vissalí Nebenzía, fulltrúi Rússa, hafnaði alfarið ásökunum Breta og gaf í skyn að Bretar hefðu jafnvel sjálfir ráðist á Skripal til að koma óorði á Rússa nú þegar líður að heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem þar fer fram í sumar.

Þeir 23 rússnesku erindrekar sem Bretar hafa gert að yfirgefa Bretland, og telja í raun rússneska njósnara, hafa nú örfáa daga til að koma sér heim. May greindi frá ákvörðuninni um brottvísunina á miðvikudag og sögðu Rússar í kjölfarið að þeir myndu án nokkurs vafa taka sams konar ákvörðun.

Rússneski ríkisstjórnarmiðillinn RT, sem miðlar á borð við New York Times og Reuters hafa kallað hluta áróðursmaskínu Pútíns Rússlandsforseta, sögðu í gær frá því að Pútín hefði verulegar áhyggjur af „ögrandi“ afstöðu Breta. Miðillinn vitnaði þar að auki í Maríu Zakharovu, talsmann utanríkisráðuneytisins, sem sagði Breta greinilega hafa eitthvað að fela vegna þess að þeir hafi ekki sent Rússum sýni af taugaeitrinu.

Á meðal þeirra 19 Rússa sem Bandaríkjamenn tilkynntu um þvinganir gegn í gær eru þrettán sem Robert Mueller, sérstakur saksóknari dómsmálaráðuneytisins sem rannsakar afskipti Rússa af kosningunum, ákærði í febrúar. Einnig hefur hin svokallaða Netrannsóknarstofnun, oft kölluð nettröllaverksmiðja Rússlands, verið sett á svartan lista vegna afskipta af kosningunum.

**thorgnyr@frettabladid.is**


# PÁSKATILBOÐ

Stórlækkað verð á völdum bílum
Frábært úrval – tilboð gilda frá 13. mars – 28. mars

Kynntu þér málið betur á notadir.is/tilbodsbilar

200.000 kr. afsláttur



Kia
**Sportage EX**
Árgerð 2014, ekinn 128 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 992548
verð áður 2.790.000 kr.
**2.590.000 kr.**

400.000 kr. afsláttur



Kia
**Sorento Classic**
Árgerð 2014, ekinn 148 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 7 manna.
Raðnúmer: 340374
verð áður 3.990.000 kr.
**3.590.000 kr.**

500.000 kr. afsláttur



Chevrolet
**Captiva LT**
Árgerð 2013, ekinn 54 þús. km, dísil, 2231 cc, 184 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 7 manna.
Raðnúmer: 993049
verð áður 3.390.000 kr.
**2.890.000 kr.**

1.100.000 kr. afsláttur



Porsche
**Cayenne Turbo S**
Árgerð 2006, ekinn 144 þús. km, dísil, 4511 cc, 522 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 340560
verð áður 2.990.000 kr.
**1.890.000 kr.**




ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli

# Ryk- og blautsugur

## MÚRBÚÐARVERÐ

### Fyrir „alvöru“ verktaka




Ermator Pullmann S13 1300W

**214.900**

### Fyrir „dálitla“ sóða




Sub-Dakoda Slurry, SOT-DAK 429 með dælu

**165.900**

### Fyrir vandláta



Eibenstock DSS50A Blaut-/ryksuga 1400W, 50 lítrar.
Sjálfvirkur hreinsibúnaður á síu

**77.290**

### Fyrir alvöru spámenn




Soteco Base XP429, 2800W, 62 lítrar

**66.590**

### Fyrir stærri spámenn



Drive Pro ryk-/blautsuga1200W, 50 lítra

**20.900**

### Fyrir hótel




Soteco Base XP 315 1300W

**32.390**

### Fyrir smarta




Spandy 1200W Cyclone
heimilsryksuga með HEPA síu

**8.790**

### Fyrir fjótvirka




Lavor CF20 ryk-/blautsuga 1400W 20 lítra

**12.490**

### Fyrir bílskúrinn



Drive Blaut/ ryksuga Bískúrsryksugan 1200W, 18 lítrar

**7.290**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Í vörn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Seðlabankinn ætlar að sitja fast við sinn keip. Yfirlýsing bankans um innflæðishöftin í vikunni, sem hann hyggst ekki losa um á næstunni, kom ekki á óvart þótt hún hafi vissulega valdið vonbrigðum. Seðlabankastjóri gaf lítið fyrir þá gagnrýni að höftin, sem sett voru á innflæði fjármagns í skráð skuldabréf, hefðu stuðlað að hærri vaxtakjörum fyrirtækja og heimila. Það hefði beinlínis verið markmið þeirra að beina aðhaldi peningastefnunnar í meiri mæli um vaxtafarveginn fremur en gengið. Án haftanna væri gengi krónunnar enn hærra sem hefði hættur í för með sér fyrir útflutningsgreinar landsins, að mati bankans.

Samhengi hlutanna er hins vegar þetta. Hefði bankinn ekki kerfisbundið ofmetið verðbólguþrýstinginn undanfarin ár, ólíkt markaðsaðilum sem sáu að lág verðbólga væri komin til að vera, þá hefði hann getað lækkað vexti hraðar og meira en reyndin varð. Vaxtamunur Íslands við útlönd væri því enn minni og þörfin á innflæðishöftum af þeim sökum engin. Lægra vaxtastig hefði þýtt meira útflæði vegna erlendra fjárfestinga lífeyrissjóða og annarra innlendra aðila og hættan á ofrisi krónunnar hverfandi. Höftin hafa því með öðrum orðum sjálf skapað þær aðstæður sem seðlabankastjóri vísar til – mikinn vaxtamun við útlönd – sem réttlætingu fyrir tilvist þeirra.

Það er engu að síður jákvætt að Seðlabankinn segist ætla að skoða hvort breyta megi útfærslu haftanna í því skyni að liðka fyrir fjármagnsinnflæði sem beinist að langtímafjárfestingum í atvinnulífinu. Efnahagslegar aðstæður til að ráðast í stórfelldar fjárfestingar í innviðum landsins eru þannig að skapast núna þegar allar vísbendingar eru um að hagkerfið sé tekið að kólna snögglega. Aðkoma lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta, meðal annars erlendra fjárfesta, er nauðsynleg eigi slíkar innviðafjárfestingar að verða að veruleika. Innflæðishöftin munu hins vegar að óbreyttu vera þar Þrándur í Götu þar sem þau setja aðgengi fyrirtækja að erlendri skuldabréfafjármögnun þröngar skorður. Þessu þarf að breyta sem allra fyrst.

Það er ástæða til að endurtaka það sem flestum ætti að vera orðið vel kunnugt. Grunngerð hagkerfisins hefur tekið stakkaskiptum á umliðnum árum. Stöðugur viðskiptaafgangur ár eftir ár þýðir að Ísland er orðið að lánveitanda við útlönd. Útlit er fyrir að sparnaðarstigið muni áfram mælast hátt og þá eru skuldir hins opinbera afar lágar í alþjóðlegum samanburði. Allt ber þetta að sama brunni. Við slíkar aðstæður ættu vextir að geta verið lægri án þess að raska jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Í stað þess að nýta þetta tækifæri til að lækka raunvaxtastigið á Íslandi, til hagsbóta fyrir heimili og fyrirtæki, hefur Seðlabankinn aftur á móti sumpart staðið í vegi fyrir þeirri þróun með innleiðingu strangra innflæðishafta.

**Höftin hafa því með öðrum orðum sjálf skapað þær aðstæður sem Seðlabankastjóri vísar til sem réttlætingu fyrir tilvist þeirra.**

Sérstök yfirlýsing Seðlabankans er til marks um að hann er kominn í vörn vegna þeirrar réttmætu gagnrýni sem sett hefur verið fram gegn höftunum. Stundum er sagt að markaðurinn sé ekki óskeikull. Það má vissulega til sanns vegar færa. Reynslan ætti samt að kenna okkur að hið sama á ekki síður við um embættismenn. Á meðan ekki koma fram sterkari rök frá bankanum má öllum vera ljóst að markaðurinn hefur rétt fyrir sér um að skaðsemi haftanna er meiri en nokkurn tíma ávinningur þeirra.





Listmunauppboð
í Gallerí Fold
mánudaginn 19. mars, kl. 18
Forsýning í Gallerí Fold alla helgina
föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–16,
sunnudag kl. 12–16, mánudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Örvum glaður klerkur**

**Stálin stinn skella þessa dagana saman með ógurlegum glæringum þar sem Arnþrúður Karlsdóttir og Davíð Þór Jónsson sóknarprestur takast á. Bitbeinið er pönktexti sem sérann setti saman um Arnþrúði og Útvarp Sögu. Fréttablaðið.is, nýr fréttavefur þessa blaðs, hefur fjallað ítarlega um málið og í gær stökk Morgunútvarp Rásar 2 á vagninn með viðtali við Davíð Þór sem mun líklega kalla á enn harðari viðbrögð úr herbúðum Arnþrúðar en sést hafa hingað til og þó hafa hvöss orðspjótin hvergi verið spöruð.**

**Æruleysisbænin**

**Meintur skopmyndateiknari Morgunblaðsins gerði tilraun til þess að kjarna málið í gær. Þar sýnir hann Davíð Þór, með horn og hala, syngja „Útvarp Saga er Satan! Arnþrúður er full.“ Við hlið hans situr Agnes M. Sigurðardóttir biskup og bendir séranum á að „Arnþrúður drekkur víst ekki“ og býðst svo til þess að fara yfir æðruleysisbænina með honum. Davíð Þór er yfirlýstur óvirkur alkóhólisti en slíkum er tamt að ríghalda í þá annars ágætu bæn. Þar sem bæði telja þau sig, Arnþrúður og Davíð, geta stefnt hinu fyrir meiðyrði er spurning hvort biskup ætti ekki frekar að fara með æruleysisbænina fyrir þau.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Dönsum gegn ofbeldi!



Stella Samúelsdóttir
framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Ég er stoltur femínisti. Allir karlmenn eiga að beita sér fyrir kynjajafnrétti,“ sagði António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, í ræðu sinni við setningu 62. Kvennanefndarfundar Sameinuðu þjóðanna í New York fyrr í vikunni þar sem ég er stödd í hringiðu jafnréttismála.

Það er óhætt að segja að sá andi sem hér svífur yfir vötnum tengist #metoo-byltingunni sem hefur haft áhrif í hverju einasta landi. Umræðan hér tengist mjög stöðu karlmanna og hvernig hægt er að endurskoða staðlaðar hugmyndir okkar um karlmennsku. Eins og Emma Holten, aktívisti og femínisti, sagði á einum fundinum: „Við þurfum að elska karlmenn, en elska þá án þess að tengja þá við vald.“

Á fundinum í ár er sjónum þó sérstaklega beint að stöðu og valdeflingu kvenna í dreifbýli; hvernig tryggja megi þeim aukin réttindi, atvinnutækifæri, fæðuöryggi, aðgang að ræktunarlöndum, tækni, menntun, heilsu og hvernig uppræta megi ofbeldi gegn konum og stúlkum í dreifbýli. Róhingjakonur eru án efa berskjaldaðasti slíki hópur kvenna í dag, en þær hafa flúið Mjanmar til Bangladess undan ofsóknum, hópnauðgunum og linnulausu ofbeldi undanfarinna áratuga.

Við hjá Landsnefnd UN Women á Íslandi höfum hafið sms-neyðarsöfnun fyrir Róhingjakonur. Ég vil því hvetja landsmenn til að lýsa upp myrkur Róhingjakvenna og senda sms-ið KONUR í 1900 (1.900 kr.) og styrkja neyðarathvarf UN Women þar sem konur hljóta vernd, áfallahjálp, atvinnutækifæri og sæmdarsett með helstu hreinlætisvörum, teppi, vasaljós og vistvæn kol til matseldar og upphitunar.

**Í ár tileinkum við Milljarður rís konum af erlendum uppruna sem þurft hafa að þola margþætta mismunun og ofbeldi.**

Síðast en ekki síst hvet ég alla til að mæta á dansbyltingu UN Women og Sónar Reykjavík – Milljarður rís sem haldin er í dag kl. 12-13 í Hörpu og víðsvegar um landið. Í ár tileinkum við Milljarður rís konum af erlendum uppruna sem þurft hafa að þola margþætta mismunun og ofbeldi. Ég hvet ykkur til að mæta, dansa gegn kynbundnu ofbeldi með gleði að vopni og hlusta á þeirra raddir. Tíminn er núna!

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Glórulaust metnaðarleysi

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það sem þú ert um það bil að fara að lesa gæti komið til með að breyta menningarsögu Vesturlanda til frambúðar.

Á þessum hæversku orðum hófst lokaritgerð vinar míns í íslenskum stíl í menntaskóla fyrir rúmum tuttugu árum. Þótt engin ástæða sé til þess að efast um ágæti ritgerðarinnar þá hafa örlögin einhvern veginn æxlast þannig að einungis einn maður las hina áhrifamiklu ritsmíð vinar míns—kennarinn sem neyddist til þess, starfs síns vegna.

Því má álykta að annaðhvort hafi vestræn menning verið rænd ódauðlegu listaverki—eða, sem er sennilegra, engum öðrum en höfundinum hafi fundist sérstaklega mikið til ritgerðarinnar koma.

Þrátt fyrir að þessi tilraun vinar míns til þess að skrá nafn sitt á spjöld menningarsögunnar hafi misheppnast þá má hann þó eiga að hún var nógu eftirminnileg til þess að um hana væri skrifað í dagblaðapistli rúmlega tuttugu árum síðar. Það má kallast ævintýralegur árangur fyrir skólaritgerð, þótt markið hafi í upphafi verið sett mun hærra.

### Ekkert mikilvægara

Hugmynd vinar míns um að skólaritgerð hans gæti átt sér eitthvert framhaldslíf var vitaskuld sett fram í hálfkæringi og átti að vera fyndin. Í hugsuninni leynist þó sá sannleikur að fyrir höfundinum sjálfum var ekkert mikilvægara í heiminum þennan dag heldur en einmitt það að skila af sér góðu dagsverki í ritgerðarsmíð. Fyrir prófið hafði hann undirbúið sig. Hann reyndi hvað hann gat til þess að vera vel upplagður þegar prófið var haldið. Í prófinu sjálfu hélt hann algjörri einbeitingu. Og þegar prófinu lauk taldi hann sig mega með góðri samvisku njóta vorblíðunnar um hríð áður en undirbúningur fyrir næstu prófraun tók við.

Hið sama gilti vitaskuld um mörg þúsund nemendur í skólum landsins þetta vor, eins og öll önnur. Þeir hafa leyfi til þess að borða eintóman skyndibita vikum saman, sleppa því að fara í bað og greiða sér, klæðast sömu þægilegu íþróttalörfunum dag eftir dag og fá meira að segja að sleppa því að mæta í fermingarveislur hjá frændsystkinum sínum.

„Nei, hún kemst því miður ekki. Hún er alveg á kafi í próflestri,“ er eitt af örfáum trompum sem hægt er að spila út til þess að losna undan öllum samfélagslegum skyldum. (Hin trompin eru „Hún er að keppa með landsliðinu“ og „Nei, hann er með hlutverk í Game of Thrones og er á tökustað“).

### Af öllu hjarta

Þótt árangur í prófum sé mikilvægur þá gerum við örugglega meira úr honum en tilefni er til. Það er hins vegar bráðnauðsynlegt að geta sannfært sjálfan sig um að allt sem maður tekur sér fyrir hendur sé mjög mikilvægt og þess virði að gera eins vel og maður getur. Ef mannskepnan hefði ekki ríka hneigð til þess að ljá tilvist sinni og viðfangsefnum æðri tilgang, þá hefðum við líklega aldrei skriðið út úr hellunum—og kannski ekki einu sinni skriðið inn í þá.

Þegar börn og unglingar keppa í íþróttum, æfa sig fyrir tónleikahald, taka próf eða skila ritgerðum leggja þau alla sína krafta og alla sína sál í verkefnin. Í þeirra huga er ekkert mikilvægara—ekki staðan fyrir botni Miðjarðarhafs, ekki efnahagsástandið á Íslandi, ekki svifryksmengun, ekki aksturspeningar þingmanna.

Það er einmitt vegna þess hversu alvarlega börn og unglingar taka viðfangsefni sín að kennarar og íþróttaþjálfarar eru yfirleitt með áreiðanlegasta fólki. Engum kennara dytti í hug að gengisfella metnað nemenda sinna með því að gleyma að mæta með prófblöð á auglýstum prófdegi af því að það sé ekki svo nojið hvort prófið sé í dag eða á morgun. Og engum þjálfara dytti í hug að segja við liðið sitt að taka það bara rólega af því það er hvort sem er eiginlega öllum sama hvernig leikur Vals og Fram í 4. flokki karla fer.

### Með hálfum hug

Glórulaus metnaður fyrir tilgangslitlum hlutum er nefnilega forsenda alls þroska og framfara. Hlutverk skólakerfisins er meðal annars að útbúa þessum glórulausa metnaði heilbrigðan farveg svo börn og unglingar tileinki sér þekkingu og þroski með sér hæfileika sem gagnast þeim í framtíðinni.

Í þessu ljósi er áhugavert að velta fyrir sér hversu góð hugmynd það var að fela amerískum þjónustuaðila að sjá um að leggja rafræn samræmd próf fyrir íslenska nemendur. Ef allt fer í handaskolum, eins og gerðist í síðustu viku, þá raskar það vissulega ró nokkurra tæknimanna, en þeir þurfa ekki að horfa framan í unglingana sem hafa lagt nótt við nýtan dag í undirbúning fyrir prófið. Í staðinn er send fréttatilkynning, undirrituð af markaðsstjóra, þar sem klúðrið er harmað—og svo snýr markaðsstjórinn sér að næsta máli á dagskrá.

> Sem betur fer hafa viðbrögðin við klúðri Menntamálastofnunar verið hörð. Það skilur nefnilega himinn og haf á milli þess metnaðar og vandvirkni sem nemendurnir hafa lagt í sinn undirbúning og þess sem skipuleggjendur prófsins hafa lagt í sinn.

### Hörð viðbrögð

Sem betur fer hafa viðbrögðin við klúðri Menntamálastofnunar verið hörð. Það skilur nefnilega himinn og haf á milli þess metnaðar og vandvirkni sem nemendurnir hafa lagt í sinn undirbúning og þess sem skipuleggjendur prófsins hafa lagt í sinn.

Hvort sem samræmdu prófin eru besta leiðin til þess að meta stöðu nemenda eða ekki, þá eru þau samt sem áður það stærsta og mikilvægasta sem nemendur 9. bekkjar undirbúa sig fyrir og glíma við í heilt skólaár. Jafnvel þótt úrlausnirnar séu ólíklegar til þess að hafa áhrif á menningarsögu heimsins þá eiga nemendur skilið að metnaður þeirra og vinna sé ekki lítilsvirt með þeim hætti sem gert var.






## Nóa páskaegg

Gómsæt og sígild

Tilboð gilda út 18. mars




## Freyju páskaegg

Heill ævintýraheimur af eggjum




## Góa páskaegg

Stútfull af hamingju




## RXBAR

3 eggjahvítur, 6 möndlur, 4 kasjúhnetur,
2 döðlur og ekkert kjaftæði!

**399** kr/stk




## GT'S kombucha

GT´S Kombucha er góður fyrir meltinguna,
þarmaflóruna, bætir orku og líðan

**699** kr/stk




NÝJUNG

## Ripped Tropical

Orka, brennsla og endurheimt

**279** kr/stk

# Meira ljúffengt



ÍSLANDS NAUT

**Íslenskar nautalundir**

**5.949** kr/kg
Verð áður **6.999** kr/kg

**25%** afsláttur




**Púrtvíns lambafile**

**4.279** kr/kg
Verð áður 5.705 kr/kg

**35%** afsláttur




**Lamba innralæri**

**2.924** kr/kg
Verð áður 4.499 kr/kg




**Úrbeinuð kjúklingalæri**

**1.954** kr/kg
Verð áður 2.299 kr/kg

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT



Fjöldi fólks var mættur í Jóa Útherja þegar íslenska landsliðstreyjan fór í sölu þar í gær. Þessi stuðningsmaður var ánægður með gripinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fánalitirnir fá að njóta sín betur

**KSÍ kynnti í gær treyjurnar sem íslenska landsliðið kemur til með að klæðast á heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Formaður KSÍ var sáttur við niðurstöðuna en álitsgjafi Fréttablaðsins er ekki á sama máli.**

**FÓTBOLTI** KSÍ frumsýndi í gær nýju landsliðstreyjuna sem íslenska karla- og kvennalandsliðið mun nota næstu árin en ný treyja var framleidd í ljósi þess að Ísland tekur þátt í Heimsmeistaramótinu í fyrsta sinn í sumar. Mikil eftirvænting hefur verið eftir frumsýningu treyjunnar en stuttbuxurnar og sokkarnir verða kynnt á næstu vikum. Ítalski íþróttavöruframleiðandinn Errea hannaði treyjuna en áhersla er lögð á á einkenni landsins, eldinn, ísinn, vatnið og hraunið. Sala treyjunnar hófst í gær og hefur KSÍ þegar fengið fyrirspurnir frá löndum á borð við Spán og Ástralíu.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, var afar sáttur við útkomuna þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Heilt yfir er ég ánægður, þetta er falleg treyja og hönnuðunum tókst vel upp. Þeir héldu í litina en brutu þetta aðeins upp með því að færa rendurnar út á axlir. Þótt blái liturinn sé fallegur er flott að fá hina fánalitina inn í þetta. Svo er treyjan afar þægileg, gott efni til að spila í og sniðið hentar vel þannig að við gætum ekki verið ánægðari.“

Guðni sagði að nokkrir leikmenn hefðu verið með í ráðum en ekki hefði verið hægt að leyfa öllum að hafa rödd.

„Þeir voru búnir að sjá nokkrar pælingar en þetta tók langan tíma og vandvirknin var mikil. Þeir vissu allir í hvaða farveg þetta var að fara en ef of margir hefðu verið með hefði eitthvað farið að spyrjast út. Það voru nokkrir með í ráðum. Þeir eru allir með mikið tískuvit og það var gaman að heyra margar og ólíkar skoðanir,“ sagði Guðni.

> Nokkrir leikmenn voru með í ráðum. Þeir eru allir með mikið tískuvit.
>
> Guðni Bergsson, formaður KSÍ

Stefnt er að því að frumsýna búninginn í æfingaleikjum Íslands gegn Mexíkó og Perú í Bandaríkjunum síðar í þessum mánuði. Hópurinn fyrir leikina tvo verður tilkynntur í dag. **kristinnpall@frettabladid.is**

### Rauði liturinn eyðileggur heildarbraginn



„Persónulega er ég hrifin af því að röndin er horfin en ég er ekki hrifin af því að hafa rauða litinn á erminni. Að mínu mati eyðileggur rauði liturinn heildarbrag búningsins,“ segir Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri Glamour. „Við fyrstu sýn gef ég búningnum tvær stjörnur af fimm.“

## Nýjast

**Domino's-deild karla, 8-liða úrslit**

**ÍR - Stjarnan 79-73**

**ÍR:** Ryan Taylor 32/9 fráköst, Matthías Orri Sigurðarson 19, Danero Thomas 8, Sveinbjörn Claessen 5, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 5, Kristinn Marinósson 4, Trausti Eiríksson 4, Hákon Örn Hjálmarsson 2.
**Stjarnan:** Hlynur Bæringsson 15/22 fráköst, Collin Pryor 12, Arnþór Freyr Guðmundsson 12, Tómas Þórður Hilmarsson 11, Darrell Combs 11, Róbert Sigurðarson 8, Eysteinn Bjarni Ævarsson 4.

*ÍR leiðir einvígið 1-0.*

**KR - Njarðvík 89-74**

**KR:** Jón Arnór Stefánsson 21, Kristófer Acox 19/13 fráköst, Kendall Pollard 17, Björn Kristjánsson 12, Darri Hilmarsson 9, Pavel Ermolinskij 6/10 fráköst/8 stoðs., Vilhjálmur Jensson 3, Sigurður Þorvaldsson 2.
**Njarðvík:** Logi Gunnarsson 16, Terrell Vinson 13, Snjólfur Marel Stefánsson 11, Ragnar Nathanaelsson 10, Kristinn Pálsson 9, Maciek Baginski 8, Vilhjálmur Theodór Jónsson 3, Brynjar Þór Guðnason 2, Oddur Rúnar Kristjánsson 2.

*KR leiðir einvígið 1-0.*



**Ólafía Þórunn þarf að spila betur í dag.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Skrambi á lokaholunni

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lék fyrsta hringinn á Bank of Hope Founders mótinu í Arizona á tveimur höggum yfir pari. Mótið er hluti af LPGA-mótaröðinni.

Ólafía var á pari þegar kom að átjándu og síðustu holunni. Þar fataðist henni flugið, hún fékk skramba og endaði hringinn á tveimur höggum yfir pari sem breytir stöðu hennar talsvert fyrir annan hringinn. Ólafía fékk þrjá fugla og þrjá skolla á fyrsta hringnum. Hún var í 119. sæti mótsins þegar blaðið fór í prentun. **– iþs**


FLOREALIS




Viðurkennt jurtalyf gegn vægum gigtarverkjum

Fullorðnir: 2 hylki tvisvar á dag. Ekki nota Harpatinum ef þú ert með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða ert með sár í maga eða þörmum. Ef þú hefur gallsteina eða liðverki samhliða bólgum, roða eða hita, skaltu hafa samband við lækni áður en þú notar Harpatinum. Leitaðu til læknis ef þú finnur fyrir aukaverkunum eða ef einkenni eru viðvarandi eða hafa versnað (2 vikur við vægum meltingartruflunum, 4 vikur við vægum gigtarverkjum). Hvorki ætlað börnum yngri en 18 ára né þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/harpatinum

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 16. MARS 2018

# Viðburðaríkt ár að baki

Á tæpu ári hefur vestfirska hljómsveitin Between Mountains unnið Músíktilraunir og verðlaun sem bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum. Nýja lagið þeirra trónar nú í efsta sæti á vinsældalista Rásar 2. →2



MYND/VALLI



**Hártískan í vor einkennist af hlýjum kopar-, ferskju- og pastellitum. Styttur í hárinu koma sterkar inn og fylgihlutir verða áberandi, að sögn Eddu Sifjar Guðbrandsdóttur hársnyrtimeistara.** →4












Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu

Það er rétt tæplega ár síðan vestfirski dúettinn Between Mountains vann Músíktilraunir og hefur árið verið bæði viðburðaríkt og skemmtilegt hjá þeim Kötlu Vigdísi Vernharðsdóttur og Ásrósu Helgu Guðmundsdóttur sem skipa sveitina. Í lok janúar gáfu þær út lagið Into the Dark sem trónar um þessar mundir á toppi vinsældalista Rásar 2 og fyrr í vikunni hlutu þær verðlaun sem bjartasta vonin í poppi, rokki, rappi og raftónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum. Sannarlega mikil umskipti á stuttum tíma hjá þeim en Ásrós varð nýlega sautján ára og Katla verður sextán ára í sumar. „Okkur þótti ótrúlega vænt um að hafa verið tilnefndar sem bjartasta vonin og það var mikill heiður út af fyrir sig. Við höfðum engar sérstakar væntingar um sigur enda voru svo ótrúlega flottir listamenn tilnefndir með okkur. Því var svo frábært að vinna verðlaunin og ég var í svo miklu sjokki að ég náði ekki að þakka öllum, t.d. Hildu vinkonu minni sem hefur verið mér mikill andlegur stuðningur. Kvöldið var ótrúlega skemmtilegt og það var mjög gaman að spjalla við annað fólk í bransanum og mynda tengslanet," segir Katla.

## Nýja lagið slær í gegn

Góðar viðtökur nýja lagsins, Into the Dark, komu þeim skemmtilega á óvart og segjast þær báðar vera í skýjunum. „Okkur datt ekki í hug að lagið myndi ná þessum vinsældum. Katla samdi lagið í febrúar í fyrra og hefur það verið að breytast og mótast þangað til við tókum það upp í Sundlauginni í haust. Þá var ekkert annað í stöðunni en að taka upp tónlistarmyndband og fengum við Hauk Björgvinsson til að leikstýra því, Chanel Björk pródúseraði og Katrín Gunnarsdóttir samdi alla dansa. Við tókum það upp í nóvember og stóðu tökur yfir eina helgi. Það má segja að þetta hafi verið nokkurs konar samfélagsverkefni þar sem ótrúlega margt fólk kom að gerð myndbandsins og hjálpaði okkur að gera þetta að veruleika," bætir Ásrós við en myndbandið var tekið upp á Ísafirði, Suðureyri, í Bolungarvík og við Óshlíð og þar má m.a. sjá fjölskyldumeðlimi og vini stúlknanna.

## Nýtt efni á leiðinni

Ásrós og Katla hafa verið mikið á ferðinni undanfarið ár og segja líf sitt hafa gjörbreyst. Sveitin hélt m.a. tónleika í Þýskalandi og Frakklandi á vegum Hins hússins og kom fram á Iceland Airwaves í nóvember þar sem þær segjast hafa fengið frábær viðbrögð. Tónleikarnir vöktu m.a. athygli tónlistartímaritsins Rolling Stone sem sagði hljómsveitina eina af þeim áhugaverðustu á hátíðinni það árið.

Næstu mánuðir verða líka annasamir hjá þeim. „Við verðum á heimavelli um páskana þegar við spilum á Aldrei fór ég suður á Ísafirði og nýlega var tilkynnt að við munum koma fram á Secret Solstice í Laugardalnum í júní. Vonandi fáum við svo að koma fram aftur á Iceland Airwaves næsta vetur."

Aðspurðar hvort fleiri ný lög verði gefin út í bráð segja þær nýtt efni á leiðinni. „Við erum þó ekki með nein plön um að gefa út plötu eins og er en við erum á fullu að æfa nýtt sett og ætlum að stækka hljóðheiminn í bandinu aðeins." Þær lýsa tónlist sinni sem melódísku indí krúttpoppi. „Helstu áhrifavaldar okkar eru Eivør, Sóley, Alice Merton, The Smiths, First Aid Kit og Florence and the Machine. Annars höfum við báðar fjölbreyttan tónlistarsmekk og hlustum á ólíkar tónlistarstefnur."



„Okkur datt ekki í hug að lagið myndi ná þessum vinsældum," segir Ásrós Helga Guðmundsdóttir (t.v) um vinsældir nýja lagsins, Into the Dark, sem trónar nú á toppi vinsældalista Rásar 2. MYND/VALLI



„Okkur þótti ótrúlega vænt um að hafa verið tilnefndar sem bjartasta vonin og það var mikill heiður út af fyrir sig. Við höfðum engar sérstakar væntingar um sigur," segir Katla Vigdís Vernharðsdóttir (t.h.). MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

## Skjótur frami

Það var í febrúar á síðasta ári sem þær hófu að spila saman og stuttu síðar tóku þær þátt í Samvest, undankeppni söngvakeppninnar Samfés, og sigruðu hana. „Í kjölfarið stakk Katla upp á því að við myndum taka þátt í Músíktilraunum líka. Við bjuggumst alls ekki við sigri þar enda áttum við ekki einu sinni von á því að komast í úrslitin. Bara að komast þangað var sigur fyrir okkur," segir Ásrós.

Mikil umræða hefur skapast um stöðu kvenna innan tónlistarsenunnar undanfarið en hvernig skyldu þær upplifa hana? Katla segist ekki hafa fundið fyrir mikilli mismunun en segist þó alltaf með það í huga að kynjamisréttið sé enn til staðar og mikilvægt sé að vera vakandi fyrir því. „Ég hef alltaf haft sterkar fyrirmyndir í tónlistinni, t.d. konur sem eru að skapa og „meika það". Það skipti mig miklu máli sem stelpa að hafa konur til að líta upp til af því að maður tengdi miklu meira við þær. Það er fyrirmyndum eins og Eivøru, Láru Rúnars, Sóleyju og Hildi að þakka að ég er á þessum stað í dag."

Ásrós er á svipuðum nótum. „Ég hef ekki orðið vör við mismunun kvenna í bransanum en að vísu viðgengst kynjamisrétti enn þann dag í dag og er ég því mjög vakandi fyrir því."

## Frábært fyrir vestan

Á meðan Katla og Ásrós eru ekki að sinna Between Mountains stunda þær nám við Menntaskólann á Ísafirði auk þess sem þær eru báðar í tónlistarnámi við Tónlistarskólann



Between Mountains vann Músíktilraunir 2017 og kom sigurinn þeim á óvart. MYND/BRYNJAR GUNNARSSON

á Ísafirði. Þær koma einnig að uppsetningu Konungs ljónanna með leikfélaginu í Menntaskólanum auk þess sem Katla æfir blak með Vestra.

Katla segir frábært að búa fyrir vestan og það sé í raun ein mesta gjöf sem hún hafi fengið. „Fólkið í bænum styður mann á fullu og allir vilja gera allt til þess að koma okkur á framfæri. Það er ekki á mörgum öðrum stöðum sem hægt er að finna svona þétt og heilsteypt samfélag þar sem að allt þorpið hjálpast að við að „ala" börnin upp."

## Á að vera gaman

Þær segjast ætla að halda samstarfi áfram á meðan þær hafi gaman af en það sé einmitt það sem þetta eigi að snúast um; að hafa gaman af því sem maður gerir, vera trúr sjálfum sér og sínum skoðunum.

Katla ætlar að mennta sig frekar á tónlistarsviðinu og starfa við tónlist til frambúðar að eigin sögn. Ásrós segist líka ætla að vera viðloðandi tónlist með einum eða öðrum hætti í framtíðinni. „Þó langar mig mikið til að fara í lýðháskóla í Noregi eða Danmörku áður en ég fer í frekara tónlistarnám, t.d. í leiklistarnám eða eitthvert annað akademískt nám."

Fylgjast má með sveitinni á Facebook, hlusta á lögin á Spotify og horfa á myndböndin á YouTube-rás hljómsveitarinnar.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmay, mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,




# underworld, danny brown, gusgus, tokimonsta, lindstrøm, bjarki, ben frost, nadia rose, jlin, troyboi, denis sulta, bad gyal og margir fleiri.

## www.sonarreykjavik.com

---

**Harpa. Fjögur svið.**
**Miðar á hátíðina ásamt kvöldpössum fáanlegir á midi.is & í Hörpu.**

vodafone · origo · TVG-ZIMSEN FLUTNINGSMIÐLUN · RED BULL MUSIC ACADEMY · REYKJAVÍK LOVES #reykjavikloves

# Hlýir og frískandi litir og styttur í hárið

**Hártískan í vor einkennist af hlýjum kopar-, ferskju- og pastellitum. Styttur í hárinu koma sterkar inn og fylgihlutir verða áberandi, að sögn Eddu Sifjar Guðbrandsdóttur hársnyrtimeistara.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Gráir tónar víkja fyrir mildum, hlýjum litum.



Hárskraut verður áberandi í hártískunni.



Edda Sif á von á að spennur, hárbönd og nælur verði vinsælt hárskraut í vor. MYND/STEFÁN

> „Ég held að fólk sé almennt til í að breyta til og prófa eitthvað nýtt. Hver og einn kýs að hafa sinn eigin stíl, frekar en að vera eins og allir hinir. Það er mjög mikil breyting frá því sem áður var, þegar allir voru með sítt hár og liði.
>
> Edda Sif Guðbrandsdóttir

Ég sé fram á að hártískan í vor verði mjög skemmtileg. Við eigum eftir að sjá talsvert hlýrri liti en undanfarið og minna af gráum tónum sem hafa verið vinsælir í ljósu hári í vetur. Frískandi kopar-, pastel- og ferskjutónar verða áberandi, líkt og dökkt, náttúrulegt hár með hlýjum blæ,“ segir Edda Sif Guðbrandsdóttir hársnyrtimeistari en hún hefur starfað í faginu í tuttugu ár.

„Stytturnar koma aftur inn og það verður nokkuð um '70s áhrif þar. Mikið verður um toppa og svo er mullettið að koma aftur fram en með nútímalegri blæ en áður. Við erum ekki að tala um gamla, góða mullettið þar sem hárið er stutt að framan og sítt að aftan heldur dálítið mýkra. Hárið hjá strákunum er að síkka og margir láta lýsa á sér hárið fyrir sumarið. Það er mjög gaman að sjá að strákarnir eru ófeimnir við að breyta til.“

## Fylgihlutir vinsælir

Spennur, hárbönd og nælur sem festar eru í hárið eiga einnig eftir að setja sinn svip á hártískuna í vor og segir Edda Sif slíka fylgihluti njóta sívaxandi vinsælda. Greiðslur eru líka mikið í tísku, svo sem fléttur, snúðar og liðir hjá fermingarstúlkum. „Allir fylgihlutir hafa farið stækkandi undanfarið, líka í hártískunni sem mér finnst mjög hressandi. Label.M er t.d. með mjög flottar nælur í hárið, sem fást t.d. í Hárakademíunni.“

## Fleiri fara eigin leiðir

Flestir eru með heiminn í höndunum í símanum og fylgjast vel með nýjum tískustraumum á Instagram og Snapchat. Edda Sif segir það vissulega hafa áhrif á hártískuna. „Ég held að fólk sé almennt til í að breyta til og prófa eitthvað nýtt. Hver og einn kýs að hafa sinn eigin stíl, frekar en að vera eins og allir hinir. Það er mjög mikil breyting frá því sem áður var, þegar allir voru með sítt hár og liði,“ rifjar hún upp.

## Þurrsjampó ómissandi

Þegar Edda Sif er spurð hvernig best sé að hugsa vel um hárið segir hún mikilvægt að nota góð sjampó og næringu til að halda hárinu heilbrigðu. „Svo hjálpar til að nota góðar mótunarvörur til að ná fram því lúkki sem maður vill. Núna er DRY sjampó, eða þurrsjampó, mjög heitt til að ná fram þéttleika í hársrótinni. DRY sjampóið er púðurkennt og er galdraefni til að halda hárinu hreinu og eins til að stækka hárið. Það er í miklu uppáhaldi hjá mér en það er líka gott að eiga gamla, góða hárlakkið. Svo mæli ég með að fá góð ráð frá klipparanum sínum um hárumhirðu og -vörur.“

## Ánægð með ævistarfið

Edda Sif er mjög ánægð með að hafa valið sér hárgreiðslu að ævistarfi. „Ég ákvað strax sem lítil stelpa að verða hárgreiðslukona. Það er svo gaman að kynnast skemmtilegu fólki í gegnum starfið og fá að gleðja fólk í stólnum. Ég myndi ekki vilja gera neitt annað og mæli heilshugar með þessu starfi fyrir þá sem eru flinkir í höndunum og þykir gaman að umgangast fólk. Ég fer út á sýningar a.m.k. einu sinni á ári til að halda mér ferskri í faginu og þá aðallega til London. Það er nauðsynlegt að halda sér á tánum og svo er alltaf skemmtilegt að sjá eitthvað nýtt í hártískunni. Ég er svo heppin að hafa unnið með frábæru fólki í gegnum tíðina, sem hefur veitt mér mikinn innblástur og verið gott að umgangast.“

Edda Sif er nýlega komin úr fæðingarorlofi og vinnur hjá Hárakademíunni, sem er einkarekinn hárgreiðsluskóli í Mörkinni 1. „Við verðum einmitt með opið hús frá kl. 17.00-20.00 þann 20. mars fyrir fermingarbörn og þeirra aðstandendur. Þá er hægt að koma og prófa að gera í sig krullur og fá góð ráð. Við verðum með tilboð á öllum HH Simonsen járnum og Label.M vörunum fyrir þá sem vilja greiða sér sjálfir á fermingardaginn.“




Tommy Hilfiger úrin fást hjá eftirtöldum verslunum
GÞ. skartgripir & úr, Bankastræti 12 | Michelsen úrsmiðir, Kringlunni 8-12 | Jón & Óskar, Laugavegi 61 | Jón&Óskar, Kringlunni 8-12 Jón&Óskar, Smáralind | Meba Kringlunni 8-12 og Meba Smáralind | Klukkan Hamraborg | Halldór Ólafsson, Glerártorgi Akureyri Klassík, Egilstöðum | Guðmundur B. Hannah, Akranesi | Tímadjásn, Grímsbæ

# Íslenskur strandbúnaður

FÖSTUDAGUR 16. MARS 2018

**Kynningar:** Laxá hf, Vaki Fiskeldiskerfi, Akvaplan-niva



## Spennandi tímar fram undan

Nýyrðið strandbúnaður er samheiti yfir atvinnugreinar sem byggja á hagnýtingu auðlinda á og við strendur landsins. Arnljótur Bjarki Bergsson, formaður Strandbúnaðar ehf., segir mörg tækifæri liggja í íslenskum strandbúnaði. →2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Við þekkjum öll landbúnað sem er atvinnugrein þar sem menn nýta auðlindir landsins til matvælaframleiðslu og þannig kemur orðið strandbúnaður fram, með vísan í orðið landbúnaður," útskýrir Arnljótur.

Tímabært hafi verið að koma með nýyrðið.

„Áður hafði enska hugtakið „aquaculture" verið þýtt sem fiskeldi en það tekur bara til ræktunar á fiski og það er töluvert fleira en fiskur sem er alið í sjó og vatni og fellur undir alþjóðlegar hagtölur um strandbúnað, eins og til dæmis lindýr í skel og þörungar," segir Arnljótur.

## Ráðstefna í annað sinn

Félag um strandbúnað á Íslandi var stofnað haustið 2016. Markmið þess er að standa fyrir ráðstefnum og á mánudag verður blásið til ráðstefnu um strandbúnað í annað sinn.

„Hugmyndin að félaginu er ekki hagsmunagæsla heldur fyrst og fremst vettvangur fyrir opna umræðu og að efla tengsl á milli manna og strandbúnað sem fræðasvið og atvinnugrein," útskýrir Arnljótur sem starfar sem sviðsstjóri hjá Matís (Matvælarannsóknum Íslands).

„Matís hefur komið að fjölmörgum verkefnum á sviði fiskeldis, skelræktar og þörungaræktar og vill auka umræðu um atvinnugrein sem við þjónustum.



Arnljótur Bjarki Bergsson er formaður Strandbúnaðar sem stendur fyrir ráðstefnunni á Grand Hótel. MYND/STEFÁN

Í stjórninni eru einnig fulltrúar skel- og þörungaræktar, fiskeldis og þjónustufyrirtækja og er stjórnin framkvæmdanefnd að baki ráðstefnunnar."

## Óhefðbundnar tegundir

Á Íslandi hefur fiskeldi verið stundað í áratugi.

„Íslendingar standa framarlega í bleikjueldi, og dylst ekki nokkrum manni, en við erum ekki komin jafn langt og frændur okkar Norðmenn og Færeyingar í laxeldi. Íslensk fyrirtæki í strandbúnaði hafa þó verið að tileinka sér ný vinnubrögð og ef maður lítur á söguna hefur framþróunin verið mikil í íslenskum strandbúnaði. Þar má nefna ræktun óhefðbundinna tegunda eins og sæeyrna og senegalflúru, þar sem styrkur Íslands er að geta haft stjórn á hita með jarðhita," segir Arnljótur.

Afurðir strandbúnaðar hér á landi eru nýttar til matvælaframleiðslu en í þörungarækt er reynt að rækta sértæk lífefni sem mögulega gætu nýst í fæðubótarefni, lyf eða íblöndunarefni í matvæli.

„Í þörungaræktun má nefna fyrirtæki á borð við Algalíf, Key Natura, Algennovation og Omega Algae, og hafa félagsmenn í Skelrækt – félagi skelræktenda komið sínum vörum, íslenskri bláskel, einnig þekkt sem kræklingur, á veitingastaði hér heima," upplýsir Arnljótur.

## Margt hefur áunnist

Þróun strandbúnaðar sem atvinnugreinar er í hringiðu umræðunnar og þar takast á ólík sjónarmið um stefnumótun fiskeldis til framtíðar með hliðsjón af burðarþolsmati og fleiru.

„Í allri umræðu skiptir mestu að nálgast viðfangsefnið á ábyrgan hátt," segir Arnljótur. „Margt hefur áunnist í málefnum strandbúnaðar, eins og innleiðing norsks búnaðarstaðals sem er stórt skref fyrir íslensk fyrirtæki. Með hliðsjón af skipulagsmálum og

**Strandbúnaður á heimsvísu í milljónum tonna árið 2015**

Heildarheimsframleiðsla strandbúnaðar var um 106 milljónir tonna árið 2015, þar af skilaði fiskeldi nærri 52 milljónum tonna. Um 29 milljónir tonna af plöntum eru ræktaðar í vatni í heiminum og eru þörungar þar meðtaldir. Ræktun lindýra nam rúmlega 16 milljónum tonna á heimsvísu.

hvernig menn spáðu fyrir um vöxt atvinnugreinarinnar eru ákveðin teikn á loft um að menn séu að ná betri tökum á því sem þeir eru að fást við. Það eru vitaskuld einstök viðfangsefni og vandamál einstakra fyrirtækja en engu að síður mikilvægir sigrar frá degi til dags."

Arnljótur segir af mörgu að taka í málefnum strandbúnaðar.

„Hvort sem horft er til skelræktar og samkeppni við innflutning á lifandi skel, eða laxalús sem innan gæsalappa er upprennandi vandamál hjá okkur, eru það helstu viðfangsefnin nú, sem og siðferði í kringum atvinnugreinina, efling hennar og heilbrigði í strandbúnaði."

## Heilnæm og góð matvæli

Á ráðstefnunni, sem haldin verður á Grand Hótel á mánudag og þriðjudag, verða fjölbreyttar málstofur og fræðandi kynningar sem lúta að strandbúnaði í sjó og á landi.

„Þetta verður fróðleg og skemmtileg ráðstefna fyrir alla í strandbúnaði, sem þjónusta strandbúnað, vilja fylgjast með því nýjasta á sjóndeildarhringnum og þá sem hugsa sér gott til glóðarinnar að starfa í strandbúnaði," segir Arnljótur og það liggja sannarlega mörg tækifæri í íslenskum strandbúnaði.

„Margir horfa til loftslagsbreytinganna sem nú ganga yfir og hafa áhrif á matvælaframleiðslukerfi heimsins. Matvælaframleiðsla fer að stórum hluta fram á landi og eru 95 prósent fæðu og fóðurs framleidd á landi þótt land sé ekki nema rétt tæpur þriðjungur yfirborðs jarðar. Því beina æ fleiri sjónum sínum að framleiðslu matvæla í sjó eða ferskvatni," útskýrir Arnljótur.

Hann segir stundum talað um smá eyríki en jafnframt sé hægt að tala um stór hafríki.

„Ísland er 103 þúsund ferkílómetrar að stærð en með 750 þúsund ferkílómetra efnahagslögsögu. Hvort er Ísland þá smátt eyríki eða stórt hafríki? Smáu eyríkin hafa mörg hver drjúgt hafsvæði umhverfis sig sem hugsanlega má nýta með skilvirkari hætti til aukinnar matvælaframleiðslu og því eru spennandi tímar framundan í strandbúnaði."

Meðal spennandi erinda á málstofum ráðstefnunnar er bleikjueldi sem búgrein, hvernig Ísland getur komið að þörungaræktun sem orkuframleiðandi og hvernig rannsókna- og nýsköpunarverkefni hafa nýst til þróunar atvinnugreinarinnar.

„Á Íslandi er hreint vatn og möguleikar til að framleiða góð og heilnæm matvæli. Ísland ætlar sér að vera leiðandi í málefnum hafsins og er líf í vatni nátengt þeim og fjórtánda heimsmarkmiðinu. Menn geta líka horft til notkunar sýklalyfja og annarra efna annars staðar og hvaða viðfangsefni eru kölluð knýjandi vandamál í strandbúnaði og hvað við getum lært af nágrönnum okkar sem fengist hafa við strandbúnað," segir Arnljótur.

Ráðstefna Strandbúnaður 2018 fer fram á Grand Hótel Reykjavík dagana 19. og 20. mars. Sjá nánar á strandbunadur.is

*Stærsti árlegi vettvangur allra sem starfa í strandbúnaði*

Strandbúnaður

**Grand Hótel Reykjavík**
19.-20. mars

Skráning fer fram á www.strandbunadur.is

**Mánudaginn 19. mars - Afhending gagna 10:00**

**Málstofa - sameiginleg - Gullteigur**
Siðferði, velferð og umhverfi

| **Málstofa A1 - Gullteigur A** | **Málstofa B1 - Gullteigur B** |
|---|---|
| Laxalús - „upprennandi" vandamál? | Landeldi á laxi |
| **Málstofa A2 - Gullteigur A** | **Málstofa B2 - Gullteigur B** |
| Fræðandi kynningar þjónustufyrirtækja - Á sjó | Fræðandi kynningar þjónustufyrirtækja - Á landi |

**Þriðjudagurinn 20. mars**

| **Málstofa A3 - Gullteigur A** | **Málstofa B3 - Gullteigur B** |
|---|---|
| Örlög íslenskrar skelræktar – í ljósi samkeppni við lifandi innflutta skel | Nýting smáþörunga - bylting í framleiðslu lífrænna efna |
| **Málstofa A4 - Gullteigur A** | **Málstofa B4 - Gullteigur B** |
| Eldi er meira en lax | Uppskeruhátíð rannsókna |

**Málstofa - sameiginleg - Gullteigur**
Heilbrigði í strandbúnaði - verk og vitundarvakning

Arion banki
EFLA
VAKI
A PENTAIR AQUATIC ECO-SYSTEMS Division
THE LINDE GROUP AGA

www.strandbunadur.is

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is




Þegar kemur að flutningi ferskvöru eru skipaflutningar hagkvæmur valkostur. Við komum þínum vörum á Evrópumarkað á 5-7 dögum og til N-Ameríku og Asíu á 6-7 dögum. Nákvæm hitastýring alla leið á áfangastað.

Hafðu samband og við förum yfir möguleikana með þér.

**eimskip.is**

EIMSKIP

# Þörf er á skýrari stefnu

Horfur atvinnugreina sem nýta land- og sjávargæði eru að mörgu leyti góðar hér á landi. Fiskeldi skiptir þar miklu máli en ríkisvaldið þarf að setja skýra og einfalda stefnu sem grunn til að byggja á.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir atvinnulífið í Vesturbyggð byggja á land- og sjávargæðum. Sjávarútvegur hafi alla tíð verið mjög öflugur þar og sé það raunar enn í dag. „Hins vegar er laxeldi orðinn stærsti atvinnuvegur sveitarfélagsins og er í mikilli sókn um þessar mundir. Fyrir vikið sé ég helstu tækifærin fyrir okkur felast í enn frekari stoðþjónustu við fiskeldið og þau eru fjölmörg.“

Hún segir hið opinbera geta gert ýmislegt til að liðka fyrir vexti á þessu sviði á næstu árum. „Það getur t.d. skipulagt lóðir fyrir fyrirtæki og stutt við uppbygginguna þeirra með ýmsum öðrum hætti, s.s. með afslætti af byggingarleyfum og gatnagerðarleyfum, talað máli þeirra út á við og stutt við og barist fyrir innviðauppbyggingu.“

Hún ætlar að sækja ráðstefnuna Strandbúnaður 2018, sem haldin verður dagana 19.-20. mars á Grand Hótel Reykjavík. „Það verður margt athyglisvert í boði þar. Mig langar sérstaklega til að fylgjast með málstofunni um laxalús sem mér finnst mjög spennandi. Annars finnst mér félag eins og Strandbúnaður skipta umtalsverðu máli því þannig geta þessir hagsmunaaðilar átt samtal um sameiginleg málefni.“



Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.

## Ýmis tækifæri framundan

Frá sjónarhóli Ísafjarðarbæjar eru horfur atvinnugreina sem nýta land- og sjávargæði góðar. Heimild er komin fyrir 10.000 tonna laxeldi í Dýrafirði og hefur leyfishafinn, Arctic Fish, verið að fjölga starfsfólki í sveitarfélaginu segir Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Störf í fiskeldi eru því nú þegar þáttur sem skiptir miklu máli og þeim á eftir að fjölga þegar eldið í Dýrafirði kemst í fullan gang.“ Gísli segir atvinnugreinarnar sjálfar og fyrirtækin hins vegar glíma við stöðugan mótbyr sem fylgir mikill kostnaður og óvissa. „Fyrirtæki sem hafa verið með leyfisumsóknir í vinnslu, jafnvel árum saman, eru að lenda í endurteknum töfum og hindrunum vegna stefnuleysis stjórnvalda sem birtist í úrvinnslu stofnana ríkisins – eða öllu heldur úrvinnsluleysi. Leikreglur í leyfisveitingum virðast ekki skýrar og jafnvel síbreytilegar. Við þetta bætast svo endalausar kærur andstæðinga fiskeldis sem litlar hömlur virðast á.“



Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Helstu tækifærin á næstu árum snúa að laxeldi og jafnvel bleikju- og regnbogaeldi að sögn Gísla. „Bleikju- eða regnbogaeldið gæti orðið mikilvægt í Ísafjarðardjúpi ef möguleikum til laxeldis verður áfram haldið í heljargreipum áhættumatslíkans Hafrannsóknastofnunar. Við höfum hins vegar einnig lent í óvæntum hindrunum á sviði regnbogaeldis og vitum ekki hvernig þeim málum mun reiða af.“

Hann segir hið opinbera hafa það í hendi sér að vöxtur geti orðið í fiskeldinu. „Til þess þarf að setja skýra og einfalda stefnu sem grunn til að byggja á. Stefnu sem hefur heilbrigð samfélög og heilbrigt umhverfi að leiðarljósi – raunverulega sjálfbærni samfélags og náttúru. Tjónið sem „hangandi hendi“ ríkisins veldur er gífurlegt, þjóðhagslega og fyrir þau samfélög sem um ræðir.“





Laxá framleiðir um 10.000 tonn af fiskafóðri árlega og er það eingöngu selt innanlands með áherslu á landeldi.

# Náttúrulegt fiskeldisfóður í hágæðaflokki




„Við hjá Laxá framleiðum náttúrulegt fiskeldisfóður fyrir allar helstu tegundir af eldisfiski hérlendis, það er fyrir bleikju, lax, flatfisk og regnbogasilung,“ segir Gunnar Örn framkvæmdastjóri.

Fóðurverksmiðjan Laxá hf. framleiðir og selur fóður á innanlandsmarkaði til fiskeldisfyrirtækja.

Við hjá Laxá framleiðum náttúrulegt fiskeldisfóður fyrir allar helstu tegundir af eldisfisk hérlendis, það er fyrir bleikju, lax, flatfisk og regnbogasilung. Til að tryggja hágæðafóður er ávallt notað fyrsta flokks hráefni. Helmingur hráefna í fiskafóðri er innlent hágæða fiskimjöl og lýsi sem á uppruna sinn í Norður-Atlantshafi og auk þess er notað innflutt jurtamjöl og repjuolía til að lækka kostnað við fóðurgerð. Til að uppfylla þarfir markaðarins þá er eingöngu notað náttúrulegt litarefni í stað hefðbundins litarefnis fyrir laxfiska og því eru öll hráefni í Laxár-fiskafóðri náttúruleg. Fiskafóðri frá Laxá er ætlað að uppfylla næringarþarfir hverrar fisktegundar og tryggja hámarksvöxt með sem lægstum fóðurstuðli,“ segir Gunnar Örn Kristjánsson, framkvæmdastjóri Laxár.

„Fóðurverksmiðjan Laxá var stofnuð árið 1991 og er því orðin 27 ára rótgróið og stöndugt fyrirtæki. Verksmiðjan er á Akureyri en Laxá er dótturfélag Síldarvinnslunnar í Neskaupstað,“ heldur hann áfram.

### Framleiðir fyrir innanlandsmarkað

„Laxá framleiðir um 10.000 tonn af fiskafóðri árlega og er það eingöngu selt innanlands með áherslu á landeldi á seiðum og matfiski, þar sem tæknilega getur verksmiðjan ekki framleitt þetta fiturika fiskafóður sem notað er fyrir lax í sjókvíaeldi. Meðal viðskiptavina eru þó öll stærstu fiskeldisfyrirtæki landsins og hefur Laxá yfir 80% markaðshlutdeild í fiskafóðri fyrir landeldi,“ segir Gunnar Örn.

Laxá er þekkt fyrir stöðug og góð gæði í fiskafóðri með hátt hlutfall fiskimjöls og lýsis, auk þess að veita viðskiptavinum sínum góða og sveigjanlega þjónustu.

„Hjá Laxá starfa níu manns og eru allir starfsmenn með tíu til þrjátíu ára starfsreynslu sem tryggir stöðugleika í framleiðsluגæðum. Við hjá Laxá fylgjum strangri gæðastefnu og notum ekki erfðabreytt hráefni við framleiðsluna. Allt okkar hráefni er GMP-vottað, auk þess sem við erum með alþjóðlega Global Gap gæðavottun fyrir framleiðslu okkar,“ segir Gunnar Örn.

> **Við hjá Laxá fylgjum strangri gæðastefnu og notum ekki erfðabreytt hráefni við framleiðsluna. Allt okkar hráefni er GMP-vottað, auk þess sem við erum með alþjóðlega Global Gap gæðavottun fyrir framleiðslu okkar.**

### Vöruþróun og rannsóknir

Vöruþróun og rannsóknir eru mikilvægur hluti af starfsemi Laxár, enda markmiðið að fyrirtækið sé ávallt í fremstu röð í framleiðslu á fiskafóðri. „Laxá tekur þátt í rannsóknum með MATÍS, Hólaskóla og Akuaplan-niva ásamt okkar helstu viðskiptavinum í fiskeldinu. Laxá hefur tekið þátt í nær öllum rannsóknum sem hafa verið gerðar hérlendis og snerta fóðurgerð fyrir eldisfisk,“ greinir Gunnar Örn frá.

Auk innlendrar framleiðslu flytur Laxá inn og endurselur startfóður fyrir seiði frá Biomar og Skretting. Einnig er flutt inn ýmislegt sérfóður frá þessum aðilum og meðal annars fóður fyrir smoltun lax og fóður fyrir hrognkelsi.

Laxá. Krossanes, 603 Akureyri. Sími 460 7200. Heimasíða www.laxa.is.



Starfsfólk Laxár býr yfir gríðarlegri þekkingu og reynslu á sínu sviði. Allir starfsmenn eru með tíu til þrjátíu ára starfsreynslu sem tryggir stöðugleika í framleiðslugæðum.



Verksmiðja Laxár er á Akureyri.

# Nýtt nám í fiskeldi

**Ann Cecilie Ursin Hilling var í barneignafríi þegar hún fékk hugmynd að nýju námi í fiskeldi. Kennsla hefst í haust og undirbúningur er nú í fullum gangi.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ann Cecilie flutti til Patreksfjarðar vorið 2016 þegar Gaute, eiginmaður hennar, hóf störf hjá Arnarlaxi. Þau kunna vel við sig í bænum og eru ánægð með hversu alþjóðlegt samfélagið er. „Hér býr fjöldi ungs fólks. Um fjórðungur íbúa er yngri en 16 ára og tíundi hver íbúi á leikskólaaldri. Mér finnst þetta alveg frábært,“ segir Ann en þau hjónin eiga tvær ungar dætur. Ann er frá Lofoten í Norður-Noregi og hefur um árabil starfað við fiskeldi en hún er menntuð í sjávarútvegsfræðum.

### Með ömmu til Íslands

Ísland var Ann ekki alveg ókunnugt þegar þau hjónin fluttust hingað til lands. „Ég kom hingað fyrst með ömmu minni en þegar hún varð áttræð langaði hana mest að fá Íslandsferð í afmælisgjöf. Frænka mín var með okkur í för og við keyrðum hringinn í kringum landið. Ári síðar kom ég hingað með samnemendum mínum í mastersnámi í gæðum sjávarafurða. Við heimsóttum fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki, t.d. Samherja á Akureyri, Promens á Dalvík og Síldarvinnsluna í Neskaupstað,“ segir hún.

Ann er mjög hrifin af Íslandi og hún segir það draumi líkast að hafa fengið tækifæri til að flytja hingað. „Þetta er eins og gott karma. Fyrir tíu árum langaði mig mest af öllu til að flytja til Íslands og hingað er ég komin. Þetta er frábært land og ég er smám saman að læra íslensku. Íslendingar hafa góða kímnigáfu og mér finnst þeir vera listrænir, enda mikið um góða tónlistarmenn hérna.“



Ann kann vel við sig á Patreksfirði.

### Menntun mikilvæg

Ann vinnur nú að spennandi verkefni sem tengist fiskeldi. „Ég sinni verkefnastjórnun og mitt hlutverk er að leiða verkefni sem snýr að menntun í fiskeldi fyrir ungt fólk sem hefur lokið grunnskóla. Í barneignafríinu hafði ég nægan tíma til að hugsa um hvað mig langaði að gera og þannig kviknaði hugmyndin að þessu verkefni, sem ég kynnti fyrir Vesturbyggð og Arnarlaxi. Henni var vel tekið og þessir aðilar voru tilbúnir að fjármagna verkefnið, og er ég afar þakklát fyrir það,“ segir Ann.

Hún segir að menntun í fiskeldi sé afar mikilvæg, enda sýni rannsóknir fram á að flest óhöpp í þessum geira séu vegna mannlegra mistaka. „Í þessu nýja námi gefst nemendum m.a. kostur á að læra sjávarlíffræði, tæknifræði, veðurfræði og hvernig afla á gagna og vinna úr þeim. Námið verður sett upp sem tveggja ára bóklegt nám og verða heimsóknir á vinnustaði og starfsnám þáttur af náminu sem verður að hluta til kennt í fjarnámi. Við erum í samvinnu við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Verkmenntaskóla Austurlands, auk annarra menntastofnana sem eru með nám á sviði fiskeldis. Markmiðið er að mennta fólk í fiskeldi til framtíðar. Við erum einnig í nánu samstarfi við skóla í Noregi, Meloy VGS, sem hefur kennt fagið í meira en tuttugu ár. Verkefnið hefur einnig verið kynnt í Færeyjum og Færeyingar hafa mikinn áhuga á að taka þátt í því. Kennslan hefst í haust hér á landi og á næsta ári í Færeyjum.“

# Vöxtur á alþjóðlegum markaði

**Vaki Fiskeldiskerfi ehf. hefur einbeitt sér að hátæknibúnaði fyrir iðnvætt fiskeldi í yfir 30 ár. Umsvif Vaka teygja sig um allan heim en Vaki er hluti af alþjóðlega fyrirtækinu Pentair Aquatic Systems.**

Við erum leiðandi fyrirtæki í þróun og framleiðslu á ákveðnum lausnum sem snúa að talningu og stærðarmælingum á eldisfiski. Áherslan er á iðnvætt fiskeldi, fyrst og fremst laxeldi,“ segir Björg Ormslev Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri Vaka Fiskeldiskerfa ehf.

Starfsemi Vaka skiptist í þróun, framleiðslu og markaðssetningu á vörum út um allan heim. Dótturfyrirtæki Vaka eru í þremur löndum, Noregi, Síle og Skotlandi og þá eru umboðs- og þjónustuaðilar úti um allan heim. Búnaður Vaka er seldur til yfir 60 landa en Noregur, Skotland, Síle, Kanada og Færeyjar eru helstu markaðir fyrirtækisins.

Starfsmenn á Íslandi eru á fjórða tug auk átján sem starfa í dótturfélögum fyrirtækisins. Björg segir frekari uppgang fram undan á alþjóðlegum markaði.

### Hluti af alþjóðlegu fyrirtæki

„Í nóvember 2016 keypti Pentair Aquatic Systems öll hlutabréf í Vaka og er Vaki því orðinn hluti af stóru alþjóðlegu fyrirtæki, sem starfar á nokkrum stórum sviðum, meðal annars innan iðnaðar, orku, matvæla og vatnsmeðhöndlunar hvers konar,“ segir Björg. „Aukinn fókus er á fiskeldi innan þessa stóra fyrirtækis og eru kaupin á Vaka ætluð til þess að tryggja framgang á helstu mörkuðum. Það á sérstaklega við um í Noregi, Skotlandi og Síle þar sem Vaki hefur verið með starfsemi um árabil og er með afar góða markaðsstöðu. Um rúmlega 95% af tekjum okkar eru vegna útflutnings en næstum allar vörur okkar hafi verið þróaðar í samvinnu við íslenska jafnt sem erlenda fiskeldismenn og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs.“




> **Aukinn fókus er á fiskeldi innan þessa stóra fyrirtækis og eru kaupin á Vaka ætluð til þess að tryggja framgang á helstu mörkuðum.**
>
> Björg Ormslev Ásgeirsdóttir




Björg Ormslev Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri Vaka Fiskeldiskerfa ehf.

### Vöruúrval eykst til muna

„Með nýjum eigendum eykst vöruúrvalið hér heima til muna. Til viðbótar við allar þær vörur sem Vaki hefur þróað og selt um árabil eins og fiskiteljara, stærðarmæla, flokkara, fiskidælur og fóðurkerfi verður nú boðið upp á Point4 súrefnissteina og eftirlitsbúnað margs konar, UV filtera, vatnsdælur af öllum stærðum, hreinsikerfi, loftun, ljós, ráðgjöf og hönnun á heildarlausnum í endurnýtingakerfum í fiskeldi,“ segir Björg. Áfram verði mikil áhersla á markaðstengda vöruþróun og spennandi tímar séu því fram undan hjá fyrirtækinu. „Við starfsfólk Vaka horfum björtum augum til aukinna umsvifa og nýrra áskorana á næstu árum á bæði innlendum og erlendum mörkuðum.“

Nánari upplýsingar fyrir Vaka og vörur þess má finna á www.vaki.is.



Hrognkelsaseiði (um 5 g) tilbúin til að fara í laxakvíar að éta laxalús. MYND/LARSOLAVSPARBOE/AKVAPLAN-NIVA

# Nýta norska reynslu í íslenskt fiskeldi

**Þekkingarfyrirtækið Akvaplan-niva sinnir rannsóknum fyrir fiskeldisiðnað sem miða að því að bæta framleiðsluna og takmarka umhverfisáhrif. Fyrirtækið býr að góðri reynslu frá Noregi sem nýtist vel á Íslandi.**

Akvaplan-niva vinnur að ýmiss konar rannsóknum til að bæta fiskeldi og fyrirbyggja neikvæð umhverfisáhrif þess. Fyrirtækið hefur verið brautryðjandi í rannsóknum á nýtingu hrognkelsis í fiskeldi og þjónustar fiskeldisfyrirtæki á fjölbreyttan hátt.

„Á skrifstofu Akvaplan-niva AS í Kópavogi starfa þrír starfsmenn sem allir hafa lokið doktorsprófi í fiskeldistengdum greinum. Við erum hluti af stærra teymi en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Tromsö í Noregi, þar sem rúmlega 130 manns starfa,“ segir Snorri Gunnarsson, sérfræðingur hjá Akvaplan-niva. „Við erum þekkingarfyrirtæki og höfum aðallega byggt starfsemi okkar á Íslandi upp sem rannsóknarþjónustu við fiskeldisiðnaðinn. Þetta hafa fyrst og fremst verið rannsóknir sem miða að því að bæta eldisumhverfi og þróa eldisaðferðir fyrir sjávarfiska og laxfiska í eldi.“



Starfsmaður Akvaplan-niva við botnsýnatökur.



Snorri og Ólöf eru sérfræðingur hjá Akvaplan-niva og sinna ýmiss konar rannsóknum sem tengjast fiskeldi. MYND/EYÞÓR

### Hrognkelsi reynist vel

„Hrognkelsi er ný tegund í eldi og nýtist sem aflúsari í sjókvíaeldi á laxi,“ segir Snorri. „Albert K.D. Imsland, rannsóknarstjóri Akvaplan-niva og prófessor í fiskeldi við háskólann í Bergen í Noregi, hefur verið leiðandi í því að þróa notkun hrognkelsa í þessu skyni og heldur utan um rannsóknir á þessu sviði.

Það er stórt verkefni í gangi á Íslandi sem er framhald af því sem við höfum verið að vinna í Noregi síðan árin 2010 og 2011,“ segir Snorri. „Þar stjórnaði Albert fyrstu rannsóknar- og þróunarverkefnunum á þessu sviði og við erum að uppfæra þá þekkingu fyrir íslenskar aðstæður. Þetta er í takt við þá lífrænu framleiðslu sem laxeldisfyrirtækin hér stefna að, enda ætla öll stærstu laxeldisfyrirtækin hér á landi að taka þátt í þessu verkefni.

Í dag er hrognkelsi þriðja verðmætasta eldistegund Noregs, á eftir laxi og regnbogasilungi. Stefnt er að því að framleiða rúmlega 40 milljónir seiða á þessu ári,“ segir Snorri.

„Hrognkelsið er ræktað og svo er því sleppt í kvíarnar hjá laxinum og þar étur það lýsnar af honum. Svo til að loka hringnum þá er verið að markaðssetja hrognkelsið sem matvæli eftir að það lýkur hlutverki sínu sem lúsaæta.

Ólöf Dóra Bartels Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Akvaplan-niva, hefur líka komið að þessum rannsóknum á hrognkelsi, auk þess að leiða erfðarannsóknir á hrognkelsum innan fyrirtækisins,“ segir Snorri. „Í ljósi vaxandi áhuga á hrognkelsi sem hreinsifiski er nú lögð aukin áhersla á rannsóknir sem beinast að stofngerð þeirra í náttúrunni og leit að erfðaþáttum sem tengjast atferli og heilbrigði fisksins. Leit að erfðaþáttum er hluti af kynbótaverkefnum Akvaplan-niva, sem eru þegar komin á fullan skrið og farin að skila mikilvægum niðurstöðum, ekki aðeins með framhaldsrannsóknir í huga, heldur einnig fyrir eldi á hrognkelsi í framtíðinni.“

### Alls kyns þjónusta fyrir eldisfyrirtæki

„Í Noregi er stór hluti af starfsemi Akvaplan-niva að þjónusta sjókvíaeldisfyrirtæki og uppgangur í sjókvíaeldi hefur skapað möguleika á að útfæra þjónustu okkar á því sviði hér á Íslandi,“ segir Snorri. „Akvaplan-niva hefur öll tilskilin leyfi sem faggild skoðunarstofa og getur boðið eldisfyrirtækjum upp á bæði staðarúttektir, stöðvarskírteini og botndýrarannsóknir. Við erum vel búin tækjakosti og getum framkvæmt straummælingar, tekið hita- og seltuprófíla og höfum nauðsynlegan búnað til umhverfisrannsókna.

Við höfum líka haffræðinga á okkar snærum sem geta búið til öldufars- og straumalíkön fyrir einstaka firði eða fjarðakerfi,“ segir Snorri. „Straumalíkön eru mikilvæg tæki sem hægt er að nota við að velja hentug eldissvæði og skilja betur áhrif eldis í sjókvíum á umhverfið og áhrif umhverfisins á fiskinn í kvíum. Okkur finnst mikilvægt að Akvaplan-niva byggi upp staðbundna þekkingu og bjóði þessa þjónustu frá Íslandi, en um leið er hið öfluga bakland sem við höfum í Noregi okkur mikill styrkur.“

### Strangir staðlar hér á landi

Snorri segir að það sé afar ánægjulegt að sjá hvað fyrirtækin sem eru að hasla sér völl í sjókvíaeldi hafi

> **Við erum þekkingarfyrirtæki og höfum aðallega byggt starfsemi okkar á Íslandi upp sem rannsóknarþjónustu við fiskeldisiðnaðinn.**

mikinn metnað til að vanda til verka og hér á Íslandi hefur verið tekinn upp strangur búnaðarstaðall sem er notaður í Noregi. „Við erum langt á eftir nágrannaþjóðum okkar í að byggja upp sjókvíaeldi, svo við getum leitað til þeirra með reynslu og þekkingu,“ segir hann.

„Fiskeldi í Noregi hefur vaxið mjög að umfangi á þessari öld. Fyrir um tíu árum þegar framleiðsla á laxi var um 700 þúsund tonn var tekin upp reglugerð sem kallast NYTEKK og búnaðarstaðall (NS9415:2009) sem felur í sér ítarlegar kröfur til fyrirtækjanna um að láta meta umhverfisálag á kvíaeldissvæðum og hvaða búnað fyrirtækin mega nota á kvíastæðum,“ segir Snorri. „Sú vegferð miðar öll að því að kvíar þoli umhverfisálag á viðkomandi eldissvæði og fiskur sleppi ekki úr kvíum og síðan reglugerðinni var komið á hefur dregið stórlega úr slysasleppingum í laxeldi í Noregi.

Þrátt fyrir að framleiðsla í laxeldi í sjó sé enn aðeins brot af því sem gerist í Noregi hefur verið gefin út reglugerð á Íslandi sem skyldar fyrirtæki sem stunda slíkt eldi til þess að fara í einu og öllu eftir þessum stranga norska búnaðarstaðli,“ segir Snorri. „Í samræmi við þessa reglugerð er mögulegt álag á væntanlegan eldisbúnað af völdum þátta s.s. strauma, öldufars og ísingar metið. Að því loknu gefur Akvaplan-niva út staðarúttektarskýrslu. Þessi skýrsla er svo lögð til grundvallar þegar það á að meta eiginleika og styrk búnaðar sem settur er upp og hvernig honum er komið fyrir á eldissvæðunum. Þegar búnaður er kominn í sjó og allt er sem skyldi gefur Akvaplan-niva, sem faggild vottuð skoðunarstofa, út stöðvarskírteini.“ Útgáfa á stöðvarskírteini er því strangt ferli og Snorri segir að það sé ánægjulegt að stjórnvöld og íslensk fyrirtæki í sjókvíaeldi hafi metnað og vilja til að fara eftir þessum stranga staðli.

# Fiskeldi vaxandi atvinnugrein

**Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir greinina í örum vexti. Mikill áhugi sé á fiskeldi í þjóðfélaginu. Fiskeldið bindi vonir við stefnu stjórnvalda.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Í Landssambandi fiskeldisstöðva eru um fimmtán fyrirtæki sem stunda eldi, bæði sjókvía- og landeldi. Tegundir í eldi á Íslandi eru fyrst og fremst lax en einnig bleikja, regnbogasilungur og senegalflúra, flatfiskur sem vinsæll er á borðum veitingastaða í Evrópu. Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir fiskeldi ennþá tiltölulega litla atvinnugrein hér á landi sem fari þó vaxandi. Á síðasta ári hafi fiskeldi á Íslandi í fyrsta skipti farið upp fyrir 20.000 tonn. Þar af er laxinn rúmlega helmingur, bleikjan og regnbogasilungurinn þar á eftir og loks senegalflúran.

„Vöxturinn í prósentum er mikill, aukning um 34% milli ára eða um 4.000 tonn, þrátt fyrir að sum af félögunum, sem mörg eru enn í uppbyggingarfasa, séu ekki byrjuð að slátra fiski í miklu magni. En þótt prósentan sé há er heildarframleiðslan ekki nema á pari við meðalstórt fjölskyldufyrirtæki í hvaða öðru landi sem er,“ segir Kristján.

„Leyfisveitingaferli í fiskeldi tekur langan tíma og því hefur uppbygging tafist. Yfirleitt er um að ræða fjárfestingar upp á milljarða króna með tilheyrandi verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið, en menn halda að sér höndum varðandi ákvarðanatöku um fjárfestingar, hvort sem það er í seiðastöðvum, eldisbúnaði eða sláturhúsum og vinnslustöðvum, meðan starfsumhverfið er jafn mikið breytingum háð og það hefur verið á Íslandi. Nú hillir hins vegar undir að starfsumhverfið verði stöðugra en til stendur að samþykkja breytingar á lögum um laxeldi á Alþingi í vor. Ríkisstjórnin og ráðherrar hennar, bæði sjávarútvegsráðherra og umhverfisráðherra, hafa staðfest stefnu fyrri ríkisstjórna um að stjórnvöld stefni á uppbyggingu fiskeldis sem atvinnugreinar til framtíðar á Íslandi. Eldið treystir því að staðið verði við þau orð. Ekki síst þar sem fiskeldið hefur sýnt sig að vera mjög vistvæn matvælaframleiðsla og við Ísland eru gerðar mjög strangar kröfur. Það er þegar staðfest af vísindamönnum Hafrannsóknastofnunar að erfðablöndunarhætta er mjög lítil og staðbundin. Stór hluti strandlengjunnar er lokaður fyrir eldi, en það er leyft á svæðum þar mjög lítil laxveiði er, sem er einmitt þar sem búseta hefur átt undir högg að sækja, á Vestfjörðum og sunnanverðum Austfjörðum. Þar getur eldið orðið og er raunar þegar orðið mikilvæg stoð í atvinnulífinu,“ segir Kristján. Útflutningstekjur fiskeldis eru þegar vel á annan tug milljarða árlega og búist er við áframhaldandi vexti í greininni á næstu árum.

„Búið er að úthluta leyfum fyrir rúmlega 40.000 tonnum nú þegar og Hafrannsóknastofnun hefur mælt með að úthlutað verði leyfum upp á rúm 70.000 tonn og það er án allra svokallaðra mótvægisaðgerða, það er að segja aðgerða sem miða við að koma í veg fyrir að lax í eldi hafi áhrif á villtan lax með erfðablöndun. En varfærið mat Hafrannsóknastofnunar á mögulegu magni í eldi við Ísland á áðurnefndum svæðum er yfir 130.000 tonn. Við erum ennþá langt frá því.“

Kristján segir sambandið finna fyrir miklum áhuga á fiskeldi.

„Það er mikill áhugi á fiskeldi í samfélaginu og mikil umfjöllun í opinberri umræðu. Margir vilja tjá sig en ekki eru allir með fagþekkingu til þessa að styðja sitt mál. Landssamband fiskeldisstöðva tekur gjarnan þátt í opinberri umræðu sem er á faglegum og rökrænum nótum.“



Kristján Þ. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva. MYND/PER STÅLE BUGJERDE





VÁ!
NIVEA
NIVEA
Care
INTENSIVE NOURISHMENT
QUICK ABSORPTION
NÆRANDI KREM.
KLÍSTRAST EKKI.
FYRIR ANDLIT & LÍKAMA.

# Að fá börn til að hjálpa við húsverk

**Það er mikil vinna að reka heimili og engin ástæða til þess að börnin hjálpi ekki til. Það eru alls kyns húsverk sem krakkar geta unnið sem bæði kenna þeim ýmislegt gagnlegt og geta þroskað þau.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is





Börn geta hjálpað til við uppvaskið og jafnvel séð alveg um það.

Það þarf að sinna ýmsum húsverkum á hverju einasta heimili, svo það er full ástæða til þess að allir á heimilinu hjálpist að. Auðvitað geta mjög ung börn ekki hjálpað mikið, en krakkar geta byrjað að hjálpa til við eitt og annað frekar snemma og það eru ýmis húsverk sem krakkar geta séð um, eða í það minnsta aðstoðað við. Það kennir þeim mikilvæga hluti sem allir þurfa að læra og það að bera ábyrgð og leggja sitt af mörkum getur verið gagnlegt fyrir þroska barnanna.

Hér eru nokkur dæmi um húsverk sem krakkar geta aðstoðað við:

- Uppvask er verkefni sem krakkar geta sinnt þegar þau komast á grunnskólaaldurinn. Þau geta í það minnsta hjálpað við að þurrka upp og á heimilum sem hafa uppþvottavélar geta börnin hjálpað við að fylla þær og tæma. Þau geta líka lært snemma að ganga frá eftir sig eftir máltíðir.
- Börn geta aðstoðað við matseld og bakstur og eldri krakkar geta jafnvel séð um að elda af og til.
- Það getur verið gott hópverkefni að þvo bílinn saman.
- Krakkarnir geta hjálpað til við að skipta á rúmum og þegar þau eldast geta þau skipt á eigin rúmi og búið um það.
- Börn geta líka hjálpað mikið til við að þurrka af.
- Ef það eru gæludýr á heimilinu er um að gera að láta börnin sjá um að sinna þeim. Það hjálpar þeim að læra að bera ábyrgð.
- Börn geta hjálpað við að ganga frá hreinum þvotti og flokka óhreinan.
- Börn geta aðstoðað við að vökva plönturnar og það er jafnvel hægt gefa þeim smá pláss í garðinum eða pott í stofunni til að rækta sínar eigin plöntur.
- Eldri krakkar geta hjálpað við að moka snjó frá húsinu.
- Eldri krakkar geta líka séð um verk eins og að ryksuga og þrífa baðherbergið.



Börn geta meðal annars hjálpað til með þvottinn.

## Alls konar ávinningur

Börn geta lært ýmislegt af því að vinna húsverk. Í fyrsta lagi læra þau auðvitað það sem þau þurfa að gera til að sjá um sig og heimilið, sem kemur að góðum notum þegar þau eldast og stofna sitt eigið heimili. Með því að taka þátt í húsverkunum fá börn líka æfingu í ýmiss konar samskiptum. Þau læra meðal annars að tjá sig skýrt, semja og að vinna með öðrum í liði.

Þegar þau leggja sitt af mörkum til fjölskyldunnar læra börnin líka að finna að þau hafi hæfni til að gera ýmislegt og taka ábyrgð. Þó þeim þyki verkefnin sjálf ekki skemmtileg hafa þau líka yfirleitt gaman af því að gera gagn.

Jafnvel mjög ung börn geta hjálpað ef þau fá verkefni sem henta þeim, eins og að ganga frá dótinu sínu. Slík verkefni senda barninu þau skilaboð að framlag þess skipti máli.

Með því að deila álaginu af húsverkum fær fjölskyldan svo meiri tíma til að eyða saman í eitthvað skemmtilegt.

## Það sem ber að forðast

Það er mikilvægt að gefa nákvæm fyrirmæli og að kynna börnin fyrir húsverkum hægt og rólega. Fyrst að sýna þeim, svo að gera með þeim, svo að fylgjast með og loks treysta þeim til að sjá um verkefnin sjálf. Það má ekki gera of miklar kröfur og krefjast fullkomnunar. Börnin verða að fá að gera mistök til að læra af þeim.

Það versta sem hægt er að gera er að gera hluti sem þau áttu að sjá um fyrir þau, annaðhvort af því að það var ekki „gert rétt“ eða þau biðu of lengi með að ganga til verks. Það sendir þau skilaboð að þau ráði ekki við þetta, kemur í veg fyrir að þau læri og kennir þeim um leið að ef þau gera ekki eitthvað, eða gera það „rangt“, þá reddi foreldrarnir málunum.

Sumir nota vasapeninga til að hvetja börn til að vinna húsverk. Það getur verið gagnlegt, en það verður að vera skýrt að þessir hlutir eru þess virði að gera, hvort sem er greitt fyrir þá eða ekki.

Síðast en ekki síst er mjög mikilvægt að hæla börnunum snemma og oft og hvetja þau þannig áfram.



Börn geta hjálpað við húsverkin á ýmsan hátt. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY





**Tommy Hilfiger úrin fást hjá eftirtöldum verslunum**

GÞ. skartgripir & úr, Bankastræti 12 | Michelsen úrsmiðir, Kringlunni 8-12 | Jón & Óskar, Laugavegi 61 | Jón&Óskar, Kringlunni 8-12
Jón&Óskar, Smáralind | Meba Kringlunni 8-12 og Meba Smáralind | Klukkan Hamraborg | Halldór Ólafsson, Glerártorgi Akureyri
Klassík, Egilstöðum | Guðmundur B. Hannah, Akranesi | Tímadjásn, Grímsbæ

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA



MMC Pajero. Árgerð 2005, ekinn 227 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.105260.



**TILBOÐ.**
Tilboð kr 5,990,000.- ásett verð kr 6,290,000.- MMC Pajero. Árgerð 2015, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 5.990.000. Rnr.105285.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




## Keypt & Selt

### Til sölu







### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Til leigu 25 fm nýtt hús í Bláskógarbyggð-Reykjaskógur. Nýtt innbú og öll búsáhöld eru til staðar. Er laus strax, styttri eða lengri leigutími í boði. Uppl. í s. 892 0010 og 663 8945 berglindoskk@hotmail.com

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Góð l.hæð+hurð. Leiga: 99 þ - Snyrtileg starfsemi Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Til sölu



Til sölu nýr Volvo 8*4 vörubíll
með hliðarsturtu og malbikssegli.
Tilbúinn í malbikið.
Upplýsingar Siggi S. 892-1164

### Skemmtanir




HAPPY HOUR
ALLA DAGA!!
kl. 16-19

Gullnáman

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**Laugardagur 17. mars**

12:15 Swansea-Tottenham (FA Cup)
17:30 Liverpool-Watford
19:45 Man.Utd- Brighton (FA Cup)

**Sunnudagur 18.mars**

13:30 Wigan-Southampton (FA Cup)
16:30 Leicester-Chelsea (FA Cup)

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*„Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

Hljómsveitin **Klettar** spila föstudags og laugardagskvöld frá kl. 00:00 - 03:00



Hljómsveitina skipa þeir:
Rúnar Þór - Sigurður Árnason - Rúnar Villa - Björgvin Gísla

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

# Atvinna

## Atvinna í boði

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykill að himnariki. Er þetta háheilagt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykilllinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

**FISKVINNSLA Í HAFNARFIRÐI LEITAR EFTIR VERKSTJÓRA OG GÆÐASTJÓRA.**
Viðkomandi þarf að hafa reynslu við verkstjórn og hafa góða þekkingu á almennum fiskvinnslustörfum.

Umsóknir skal senda póst á vinna@hamrafell.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**




KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.500.-**

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart


Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

### Hvammsvirkjun, landslag, útivist og ferðaþjónusta, í Skeiða– og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Landsvirkjunar er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Álit Skipulagsstofnunar lítur eingöngu að áhrifum á ofangreinda umhverfisþætti. Umfjöllun um og mat á aðra umhverfisþætti er að finna í úrskurði stofnunarinnar frá því í ágúst 2003 sem einnig er að finna í gagnagrunni umhverfismats á vef stofnunarinnar.

# SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingu við Suðurgötu 40-44

**Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 30.8.2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttri landnotkun í aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Suðurgötu 40-44 og að auglýsa hana í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

**Tillögurnar verða auglýstar samhliða líkt og 2.mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010 veitir heimild til.**

Breytingartillaga aðalskipulags Hafnarfjarðar fyrir umræddar lóðir felst í að: breyta landnotkunarskilgreiningunni er nær til lóðanna við Suðurgötu 40-44 úr samfélagsþjónustu í íbúðarbyggð.

Breytingartillaga deiliskipulagsins felst í að: lóðin við Suðurgöu 40 verður aftur skilgreind sem íbúðarhúsalóð í stað bílastæðalóðar. Húsið við Suðurgötu 44 fær nýtt hlutverk ásamt leikfimishúsi sem á að víkja sk. gildandi skipulagi. Því verði breytt í íbúðarhús með að hámarki 12 íbúðum. Bílastæði verða leyst innan lóðar. Til verður ný lóð innan lóðar Suðurgötu 44 er fær númerið 46.

Tillögurnar ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 16.03.2018–27.04.2018. Hægt er að skoða breytingartillögurnar ásamt fylgigögnum á vef Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is**. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 27. apríl 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar. Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR




Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

www.hagvangur.is


# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2018, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2018 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2018, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskyld aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþægin da hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

**Reykjavík, 16. mars 2018**

**Tollstjóri**
**Sýslumaðurinn á Vesturlandi**
**Sýslumaðurinn á Vestfjörðum**
**Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra**
**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra**
**Sýslumaðurinn á Austurlandi**
**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**
**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**
**Sýslumaðurinn á Suðurnesjum**

# HB HÚSGAGNABANKINN

## RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

**Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is**



**Quattro sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **290.000**



**Houston sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **310.000**



**Classico sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **280.000**



**Rubelli hægindastóll**
Í sterku áklæði
Tilboð **53.000**



**Rubelli hægindastóll**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **74.000**



**Carrera hægindastóll**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **71.000**



**Club sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **270.000**



**Carrera 2 mótora lyftistóll**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **127.000**



**Carrera 2 mótora lyftistóll**
Í sterku áklæði
Tilboð **100.000**



**Hornskápur**
Mahogany eða Hnota
Tilboð **79.000**



**Bentley sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **325.000**



**HD Bílaupptökuvél**
Tekur minniskort
Verð **5.700**



**Innskotsborð**
Mahogany eða Hnota
Tilboð **38.000**



**Skenkur 145 sm**
Hnota
Tilboð **119.000**



**Viceroy rafknúinn hægindasófi**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **225.000**

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt

KJARNAFÆÐI




**1.998**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambakótilettur**
T-bone, frosnar




**1.398**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambalærissneiðar**
Sirloin, kryddað

**LAMBALÆRI**
með villtum íslenskum kryddjurtum




**1.359**
kr. kg

**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri

**PRÓTEINBOMBA**




**200kr**
verðlækkun

**1.398**
kr. 200 g

**Gullfiskur Bitafiskur**
200 g - Verð áður 1.598 kr.



**1.498**
kr. kg

**KS Lambalærissneiðar**
Frosnar

**SAMA VERÐ**
**UM LAND ALLT**




**139**
kr. 500 g

**Bónus Kornbrauð**
500 g




**100kr**
verðlækkun

**405**
kr. 500 ml

**MS Rjómi**
500 ml - Verð áður 505 kr.

**100% ÍSLENSKT**
ungnautakjöt




**498**
kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Smash Style Hamborgarar**
2x120 g




**119**
kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka




**298**
kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml




**750g**

**298**
kr. 750 g

**Aviko Steikar Franskar Kartöflur**
Frosnar, 750 g




**398**
kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml




TILBÚIÐ TIL SOUS VIDE ELDUNAR
SOUS VIDE

**4.598**
kr. kg

**Íslandsnaut Fillet**
Ungnautakjöt




**4.598**
kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**2.998**
kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Þykir enn vænt um hvert einasta skópar

**Sýningin Undraveröld Kron by Kronkron verður opnuð á sunnudaginn í Hönnunarsafni Íslands. Þar verða til sýnis þeir fjölmörgu skór sem Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson hafa hannað á 10 árum. Hugrún segir magnað að líta til baka í aðdraganda sýningarinnar.**



Magni og Hugrún hafa hannað um 1.200 skópör síðan Kron by Kronkron var stofnað fyrir 10 árum. MYND/KÁRI SVERRIR



Skórnir frá Kron by Kronkron eru oftar en ekki afar litríkir og skrautlegir.

Sýningin Undraveröld Kron by Kronkron verður opnuð á sunnudaginn í Hönnunarsafni Íslands. Á sýningunni verður rennt yfir feril hönnuðanna Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar með merkið Kron by KronKron. Nú eru liðin 10 ár síðan Hugrún og Magni hófu að framleiða skó, fatnað og fylgihluti undir því merki og þau hafa á þessum áratug náð merkilegum árangri í sviði hönnunar.

Það er óhætt að segja að þau hafi ekki setið auðum höndum síðan Kron by KronKron leit dagsins ljós því þau hafa hannað um 1.200 mismunandi skópör á þeim tíma.

Þegar blaðamaður náði tali af Hugrúnu var hún í miðjum klíðum að kíkja ofan í gamla skókassa og undirbúa sýninguna. „Núna er ég búin að vera lokuð inni á Hönnunarsafni í nokkra daga þar sem ég er að opna kassa eftir kassa eftir kassa. Ég veit aldrei hvað er í hverjum kassa og þetta er búið að vera magnað,“ segir Hugrún glöð í bragði.

Spurð út í hvort hún muni eftir öllum skónum sem koma upp úr kössunum segir hún: „Maður er að sjá margt sem maður var auðvitað búinn að gleyma. En vegna þess að við teiknuðum hvert einasta par upp og komum þeim í gegnum framleiðsluferli, sem getur verið alveg meiriháttar hausverkur, þá er þetta fljótt að rifjast upp. Á bak við hvert par liggur mikil vinna og maður hefur þurft að berjast fyrir að ná þeim í gegnum ferlið.“

Þeir sem þekkja skóna frá Kron by KronKron vita að um einstaka skó er að ræða, oftar en ekki litríka þar sem ólíkar áferðir spila saman. „Þetta eru flóknir skór og það liggur gífurleg vinna á bak við hvert og eitt par. Þannig að það er svolítið magnað að sjá þetta,“ útskýrir Hugrún sem var búin að taka um 40 prósent af þeim skóm sem verða á sýningunni upp úr kössum þegar blaðamaður náði tali af henni.

Hugrún segir ástríðu fyrir sköpun hafa leitt þau áfram í þessi tíu ár. „Við höfum alltaf fylgt hjartanu. Við sköpum út frá tilfinningum og hönnunin okkar er aldrei tengd neinum tíðaranda né tísku. Þess vegna er ótrúlega ánægjulegt að skoða þetta aftur,“ segir Hugrún. Hún tekur fram að þeir skór sem komu á markað fyrir 10 árum séu alveg jafn viðeigandi í dag eins og nýjustu skór þeirra.

> **Flest öll þessi pör eru fyrir löngu uppseld og því langt síðan við höfum séð þau.**

Hugrún kveðst vera ansi gáttuð þegar hún tekur upp úr öllum skókössunum. „Það er alveg merkilegt að hafa virkilega náð að skapa og koma til lífs öllum þessum skóm. Flest öll þessi pör eru fyrir löngu uppseld og því langt síðan við höfum séð þau. Manni þykir ansi vænt um hvert einasta par og kemur því smá söknuður þegar maður sér gömlu félagana sem maður hafði fyrir að koma í heiminn. Í þennan tíma höfum við bara haldið ótrauð áfram án þess að líta mikið til baka. Þannig að þegar maður horfir fyrst núna til baka þá er þetta ótrúlega yfirþyrmandi og skemmtilegt.“

Áhugasömum er bent á að Undraveröld Kron by Kronkron verður opnuð á sunnudaginn klukkan 16.00 í Hönnunarsafni Íslands, Garðatorgi 1.

gudnyhronn@frettabladid.is



✝

Okkar ástkæri
**Þorsteinn Þórðarson**
Brekku, Norðurárdal,
sem lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð, Borgarnesi, 10. mars verður jarðsunginn frá Reykholtskirkju laugardaginn 17. mars kl. 14.

**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** **Árni Þór Sigurðsson**
**Þórður Þorsteinsson** **Agnes Agnarsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson** **Guðbjörg S. Sigurðardóttir**
**Gunnar Þór Þorsteinsson** **Íris Inga Grönfeldt**
**Þórhildur Þorsteinsdóttir** **Elvar Ólason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

## Merkisatburðir

**1237** Gvendardagur, dánardagur Guðmundar góða Arasonar Hólabiskups. Hann var biskup frá 1203 og varð snemma kunnur að meinlætalifnaði og velgjörðum við fátæka.

**1657** Miklir jarðskjálftar eru á Suðurlandi. Hús falla víða, einkum í Fljótshlíð.

**1968** Fjöldamorðin í My Lai í Víetnam: Bandarískir hermenn drepa hvert mannsbarn í heilu þorpi þrátt fyrir að þar væru engir karlmenn á herskyldualdri.

**1976** Harold Wilson segir af sér embætti forsætisráðherra Bretlands.

**1978** Olíuskipið Amoco Cadiz strandar á skerjum í Ermarsundi og brotnar í tvennt með þeim afleiðingum að úr verður eitt alvarlegasta umhverfisslys sögunnar.

**1979** Stríði Kína og Víetnams lýkur með því að Kínverjar draga herlið sitt frá Víetnam.

**1980** Fjórða hrina Kröfluelda hefst. Gosið stendur stutt, þykir fagurt og er kallað skrautgos.

**1983** Samningar eru undirritaðir um kaup Reykjavíkurborgar á Viðey. Endurbótum á mannvirkjum lýkur 18. ágúst 1988.

**1984** Yfirmanni CIA í Beirút, William Francis Buckley, er rænt af samtökunum Heilagt stríð.

**1988** Gasárás er gerð á íraksa bæinn Halabja, þar sem aðallega búa Kúrdar. Allir bæjarbúar farast, yfir 5.000 talsins.

**1988** Íran-Kontrahneykslið: Herforingjarnir Oliver North og John Poindexter eru ákærðir fyrir svik gegn Bandaríkjunum.

**1990** Söngkeppni framhaldsskólanna fer fram í fyrsta sinn.

**1992** Boris Jeltsín tilkynnir að stofnaður verði sérstakur Rússlandsher.



**1996 Robert Mugabe er kjörinn forseti Simbabve.**

**1997** Sandline-málið: Papúski herforinginn Jerry Singirok lætur handtaka Tim Spicer og málaliða frá Sandline International.

**2003** Stærstu samræmdu fjöldamótmæli á heimsvísu eru haldin gegn stríði í Írak.

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is

## 16. MARS

### Tónlist

**Hvað?** Bára Silvansdóttir á Boston
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi
Bára Silvansdóttir er söngkona sem semur eigin tónlist en öll lögin eru á færeysku og hefur hún spilað popptónlist sína víðast hvar í Færeyjum.



Cyber spila á Sónar í kvöld.

**Hvað?** Sólstafir í Bæjarbíói
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Sólstafir hafi ekki komið fram í Reykjavík síðan í júní 2016, og einungis leikið á Eistnaflugi 2017 í Neskaupstað síðan nýjasta plata þeirra kom út en nú spila þeir fyrir Hafnfirðinga.

**Hvað?** Draumskógur – Dægurlög í nýjum búningi – Tíbrá tónleikaröð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Tónleikar þar sem ástkær dægurlög þjóðarinnar, sem öll hafa yfir sér ljóðrænan blæ, eru flutt í bland við frumflutning laga eftir Valgerði Guðnadóttur og Helgu Laufeyju Finnbogadóttur. Fjölbreytt og aðgengileg dagskrá þar sem lög eins og Við arineld eftir Magnús Eiríksson, Ljóð um ástina eftir Spilverkið, Orfeus og Evridís eftir Megas og The Man with the Child in His Eyes eftir Kate Bush við íslenskan texta verða flutt í glænýjum útsetningum. Lögin er flest að finna á plötunni Draumskógur sem kom út árið 2010.

**Hvað?** Sónar Reykjavík 2018
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Sónar Reykjavík hefst í kvöld og það er auðvitað gjörsamlega sturlað fjör. Tónleikar langt fram á nótt og með því.

**Hvað?** Fusion Groove
**Hvenær?** 23.55
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Fusion Groove verður með funky tóna á Húrra næstkomandi föstudag. Fyrir þá sem fíla eðalhústónlist, funky funk og disco með sál.

### Viðburðir

**Hvað?** Línudansball í Hjartastöðinni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dans & Jóga Hjartastöð, Skútuvogi 13a
Línudansball sem Jóhann Örn, Jói dans, stjórnar. Frábær skemmtun í glæsilegum danssal Dans og Jóga, Hjartastöðvarinnar í Skútuvogi 13a. Allir sem hafa áhuga á dansi og kántrítónlist ættu að skella sér. Aðgangseyrir kr. 2.500. www.dansogjoga.is

**Hvað?** Tónleikafyrirlestur í tali og tónum.
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Flyglasalur Listaháskólans, Skipholti 31
Lettneski píanóleikarinn og tónlistarfræðingurinn dr. Dzintra Erliha fjallar um í tali og tónum um rússneska, franska en aðallega lettneska píanótónlist í tilefni hundrað ára afmælis Lettlands. Við sögu koma lettnesku tónskáldin Lūcija Garūta, Janis Medins, Janis Ivanovs, Aivars Kalejs, Peteris Vasks og Santa Buss sem Dzintra mun greina frá og leika tónlist eftir. Dzintra Erliha hefur unnið til fjölda verðlauna í alþjóðlegum tónlistarkeppnum á borð við ROMA og Ludmila Knezkova-Hussey. Hún hefur komið fram á tónleikum víða í Lettlandi sem og í Brasilíu, Kanada, á Íslandi, í Frakklandi, Finnlandi, Póllandi, Úkraínu og víðar.

**Hvað?** Hittu hönnuðinn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Stefánsbúð, Ingólfsstræti
Henrik Vibskov er einn fremsti hönnuður Dana og verður hægt að hitta hann í Stefánsbúð í dag.

**Hvað?** Grettissaga Einars Kárasonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Landnámssetur Íslands, Borgarnesi
Einn af okkar virtustu rithöfundum og rómuðustu sagnamönnum, Einar Kárason, mun stíga á svið á Söguloftinu í Landnámssetrinu í Borgarnesi og flytja Grettissögu.

**Hvað?** Gougleði, dansleikur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hraunsel, Flatahrauni 3
Félag eldri borgara í Hafnarfirði heldur dúndrandi gougleði í Hraunseli í kvöld.

### Sýningar

**Hvað?** Þráður landnáms & hönnunar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Skúlagata 28
Sýning valinna verka hönnuða og listamanna sem unnin eru í myndrænu samhengi við harðneskju íslenskrar náttúrunnar. Allt frá landnámi hefur náið samneyti íslensku þjóðarinnar og íslensku sauðkindarinnar verið forsenda lífsbjargar hér á landi.

**Hvað?** Bæklingar – Opnunarpartí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Open, Grandagarði
Gulur lottóstandur fannst í annarlegu ástandi fyrir utan Kolaportið og var honum troðið inn í lítinn Suzuki-jeppling. Nú hefur þessi standur fengið allsherjar yfirhalningu og nýtt hlutverk í lífinu. Lottóstandurinn er núna bæklingastandur og mun bráðum bera 20 nýja bæklinga eftir jafn marga listamenn. Sýningin Bæklingar er samsýning 20 listamanna, íslenskra og erlendra. Listamennirnir fengu það verkefni að hanna bækling í hefðbundnu broti, A4-blað tvíbrotið, svokallað túristabrot. Sýningin er jafnframt sú fyrsta í nýja sýningarrýminu Open í gömlu skúrunum á Granda.


Verkalýðsfélagið Hlíf

**AÐALFUNDUR**

**Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn fimmudaginn 22. mars 2018 kl: 17:30, í félagsheimili Vlf. Hlífar að Reykjavíkurvegi 64. Hafnarfirði.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Léttar veitingar.

***Stjórnin.***






YFIRBURÐAHLUSTUN!
Fljúgandi start á nýju ári, yfirburðir síðustu ára halda áfram.
Útvarpsauglýsingar hjá okkur skila árangri.

**Hafðu samband í síma 512-5000**






BIO ★ PARADIS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Women of Mafia ENG SUB. | 17:30, 22:00 |
| Spoor | 17:30 |
| Mamma Mia - Singalong | 20:00 |
| Andið eðlilega ENG SUB. | 20:00 |
| Loveless | 20:00 |
| The Shape Of Water | 22:30 |
| The Florida Project | 22:30 |






**Veldu Panodil sem hentar þér!**

Verkjastillandi og hitalækkandi




**Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur.** Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

# Ekki orðamergðin sem skiptir máli í ljóðum pabba

**Kolbeinn Þorsteinsson les úr óbirtum minningabrotum Þorsteins frá Hamri á minningarhátíð í Iðnó á sunnudaginn.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

### Dísin

**Flaug ég um fold og víði,**
**fögnuði laust í drungað skap;**
**stafur minn, steinbúasmíði,**
**stjörnur úr köldum sálum drap**
**og græddi geðsmunakaunin.**

**Brotinn er sprotinn blái,**
**bregðast mér dverganna hamarsgrip;**
**líka er sem ég sjái**
**sundruð í naustum þeirra skip –**
**og sú er mér römmust raunin.**

***Þorsteinn frá Hamri,***
***Spjótalög á spegil, frá 1982.***



**„Eins og búast má við er þetta hófstillt frásögn, tilgerðarlaus og hlýleg," segir Kolbeinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dagskrá til minningar um Þorstein frá Hamri verður í Iðnó sunnudaginn 18. mars. Dagskráin er á vegum Forlagsins og á meðal þeirra sem þar koma fram er sonur skáldsins, Kolbeinn Þorsteinsson, sem les kafla úr óbirtu verki föður síns, Tímar takast í hendur.

„Þetta eru minningabrot pabba og í þeim lýsir hann meðal annars bernskuheimili sínu á Hamri, sveitinni og fólkinu sem hana byggði og einnig birtist manni mynd af drengnum Þorsteini. Eins og búast má við er þetta hófstillt frásögn, tilgerðarlaus og hlýleg," segir Kolbeinn. „Það er skemmtilegt fyrir mig að lesa þetta upp því ég á enga tengingu við Hamar en kynnist þeim heimi í gegnum þessi skrif pabba."

Tímar takast í hendur er að sögn Kolbeins fullbúið verk. „Pabbi lauk því fyrir tveimur árum en einhverra hluta vegna ákvað hann að leyfa því að liggja. Hann gerði þetta oft, sagði hann mér fyrr meir, geymdi það sem hann skrifaði í ákveðinn tíma og skoðaði það síðar."

Kolbeinn segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um það hvort verkið verði gefið út. „Tíminn verður að leiða það í ljós, en mér sýnist á því sem ég hef séð að það sé full ástæða til þess."

### Ljóðin finna mann

Spurður um tengingu sína við ljóð föður síns segir Kolbeinn: „Ég viðurkenni að ég hef aldrei tekið ljóðabók eftir hann og lesið frá upphafi til enda. Hins vegar á ég til ef eitthvað er að angra mig að opna einhverja ljóðabók hans handahófskennt. Þetta hefur alltaf veitt mér ákveðna hugarfró, annaðhvort leysist hugarangrið upp eða ég sé að það er ekki svo merkilegt að ég þurfi að dvelja við það. Ég geri slíkt hið sama ef ég er glaður og þá er það líka yfirleitt þannig að ég lendi á ljóði sem á erindi við mig á þeirri stundu. Kannski eiga ljóð hans það sammerkt að það breytir engu hvort maður er dapur eða léttur í lund, þau finna mann.

Ég hef aldrei lært ljóðin hans utanbókar, ég vil það ekki. Þegar ég kem að ljóðum hans vil ég að það sé eins og ég sé að koma að þeim í fyrsta skipti. Ljóð sem er í uppáhaldi hjá mér er Dísin úr Spjótalögum á spegil. Það snart mig strax og er eina ljóðið sem ég kann utanbókar eftir hann."

### Einlægur og grandvar

Kolbeinn er eitt af fimm börnum Þorsteins og Ástu Sigurðardóttur. Einhverjum árum eftir skilnað Þorsteins og Ástu voru börnin send í fóstur. Kolbeinn er spurður hvort það hafi reynst honum erfitt að alast ekki upp hjá foreldrum sínum. „Ég hef ekki leitt hugann að því eða krufið. Ég var það ungur þegar þeirra leiðir skildust að ég þekkti það ekki í sjálfu sér að vera hjá þeim báðum. Pabbi heimsótti okkur systkinin og mér fannst sárt þegar hann fór. Fyrir einhverjum árum ræddum við pabbi þessi mál af hreinskilni og þau þurfti ekki að ræða aftur."

Spurður um samskipti sín við föður sinn segir Kolbeinn: „Í bernskunni voru þau eins og þau voru. Eftir að ég komst til vits og ára og sérstaklega síðustu þrjátíu árin einkenndust samskiptin af þeirri hlýju og væntumþykju sem á að ríkja milli föður og sonar og voru aldrei neinum vandkvæðum bundin."

Þegar Kolbeinn er beðinn um að lýsa föður sínum segir hann: „Eins og margir vita þá er það ekki orðamergðin sem skiptir máli í ljóðum pabba heldur merking þeirra oft fáu sem eru sögð. Þannig var hann líka í persónulegum kynnum. Hann var einlægur, ærlegur, orðvar og grandvar. Ég upplifði hann sem lítillátan mann og minnist þess ekki að hann hafi tranað sér fram. Hann var afar hlýr maður."

### Tímar takast í hendur

**Minningardagskrá um Þorstein frá Hamri verður í Iðnó sunnudaginn 18. mars kl. 15. Þar munu Eiríkur Guðmundsson, Elísabet Þorgeirsdóttir, Guðrún Nordal, Lilja Sigurðardóttir, Njörður P. Njarðvík og Vésteinn Ólason fjalla um skáldið frá ýmsum sjónarhornum. Lesið verður úr ljóðum Þorsteins og sonur hans, Kolbeinn, les úr óbirtum minningabrotum föður síns, Tímar takast í hendur. Kynnir verður Stella Soffía Jóhannesdóttir.**






Arion banki er einn aðalstyrktaraðili Hönnunarmiðstöðvar og býður til hádegisfundar um hönnun og skipulag **í dag kl. 11.30–13.15 í Borgartúni 19** í tilefni af HönnunarMars.

**Dagskrá**

**Big City Life – Erna Björg Sveinsdóttir, greiningardeild Arion banka**
Borgir eru að breytast hratt og nútímaheimilið er allt öðruvísi en áður var. Hvaða áhrif hefur þetta á byggingu nýrra íbúða og útlit borga?

**Snabba Hus – Andreas Martin-Löf, Stokkhólmi**
Andreas er ungur arkitekt frá Stokkhólmi. Hann hannaði dýrustu íbúð Svíþjóðar en á líka heiðurinn af margverðlaunaðri hönnun á framúrstefnulegum einingaíbúðum fyrir ungt fólk.

**Building Stories – Rami Bebawi og Tudor Radulescu, Montreal**
Rami og Tudor eru stofnendur arkitektastofunnar Kanva og segja frá nýrri hugsun um hvernig byggingarsvæði eiga að líta út á framkvæmdatímanum.

**Q&A með Kaave Pour**
Kaave Pour er einn stofnenda og hönnunarstjóri Space10, sem er meðal annars nýsköpunarsmiðja IKEA. Kaave er 28 ára og þrátt fyrir ungan aldur er hann margverðlaunaður skapandi menningarfrumkvöðull og eftirsóttur fyrirlesari um allan heim. Hann mun sitja fyrir svörum hjá Jóni Kaldal, sem jafnframt er fundarstjóri.

Boðið verður upp á léttan hádegisverð að fundi loknum.

Skráning á arionbanki.is

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Kjartan Hreinn Njálsson




Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ




Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




**AMERICAN IDOL**
KL. 19:25
Nú fáum við úrslitaþátt frá fyrsta þætti American Idol sem var sýndur á Stöð 2 í gærkvöldi. Frábærir dómarar í hverju sæti, hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Fylgstu með frá byrjun.

Frábært
**Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**ROUGH NIGHT**
KL. 20:55
Fimm vinkonur ákveða að leigja saman strandhús og skella sér út á lífið í tilefni þess að ein þeirra er að fara að gifta sig. Vinkonurnar skemmta sér konunglega þar til allt fer að ganga verulega á afturfótunum.



**LOVE ON THE RUN**
KL. 22:35
Bráðfjörug og meinfyndin gamanmynd um Franný sem er á algerlega ómögulegum stað í lífinu og sér ekki út úr leiðindunum fyrr en föngulegur bankaræningi tekur hana í gíslingu.

**KLOVN FOREVER**
KL. 22:00
Önnur myndin frá dönsku kumpánunum Frank og Casper en nú reynir á vináttu þeirra þegar Casper ákveður að flytja frá Danmörku til LA til að eltast við frekari frægð og frama.



Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**




## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Ljóti andarunginn og ég
**08.05** The Middle
**08.30** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Mike & Molly
**10.45** Anger Management
**11.10** Restaurant Startup
**12.00** Atvinnumennirnir okkar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Warm Springs
**14.55** Casper
**16.30** I Own Australia's Best Home
**17.20** Vinir
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** American Idol
**20.55** Rough Night Gamanmynd frá 2017 með Scarlett Johansson og fleiri frábærum leikurum. Myndin segir frá fimm vinkonum sem ákveða að leigja saman strandhús og skella sér út á lífið í tilefni þess að ein þeirra er að fara að gifta sig. Til að byrja með gengur allt vel og vinkonurnar fimm skemmta sér konunglega eða allt þar til óvænt atvik setur risastórt strik í reikninginn.
**22.35** Love on the Run
**00.00** Inside Man Stjörnum hlaðin spennumynd frá Spike Lee með Denzel Washington, Clive Owen og Jodie Foster í aðalhlutverkum. Þegar hið fullkomna bankarán mistekst breytist það í hættulega gíslatöku þar sem reynir mjög á útsjónarsemi sérfræðings lögreglunnar í gíslatökumálum, leikinn af Washington.
**02.05** Colossal
**03.50** Warm Springs
**05.45** Anger Management

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Meistaradeildin í hestaíþróttum
**09.40** Domino's-körfuboltakvöld
**10.40** ÍR - Stjarnan
**12.20** Meistaradeildarmörkin
**12.50** Premier League Review
**13.45** Arsenal - Watford
**15.25** Bornemouth - Tottenham
**17.05** Valur - Haukar
**18.50** Spænsku mörkin
**19.20** Premier League Preview
**19.50** Tottenham - Newcastle United
**22.00** Bundesliga Weekly
**22.30** Haukar - Keflavík

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Zenit - Leipzig
**10.20** Dynamo Kyiv - Lazio
**12.00** UEFA Champions League Draw
**13.00** UEFA Europa League Draw
**14.00** Arsenal - AC Milan
**15.40** Salzburg - Dortmund
**17.20** La Liga Report
**17.40** Evrópudeildarmörkin
**18.30** Haukar - Keflavík
**21.00** Domino's-körfuboltakvöld
**22.40** Lengjubikarinn
**00.50** PL Match Pack
**01.20** Tottenham - Newcastle United

## STÖÐ 3

**18.15** Great News
**18.40** Baby Daddy
**19.05** Last Man Standing
**19.30** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.35** Bob's Burgers
**22.00** American Dad
**22.25** Schitt's Creek
**22.50** NCIS: New Orleans
**23.35** Entourage
**00.30** Friends
**00.55** Last Man Standing
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur og félagar
**08.54** Lalli
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur og félagar
**12.54** Lalli
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Víkingurinn Viggó
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.54** Lalli
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Víkingurinn Viggó
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Skósveinarnir


Mörgæsirnar frá Madagaskar, kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.50** Arnold Palmer Invitational
**12.50** Golfing World
**13.40** Bank of Hope Founders Cup
**16.40** Inside the PGA Tour
**17.05** Champions Tour Highlights
**18.00** Arnold Palmer Invitational
**22.00** Bank of Hope Founders Cup

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** Truth
**13.05** The Birth of a Nation
**15.05** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
**16.30** Truth
**18.35** The Birth of a Nation
**20.35** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery Spennandi ráðgáta um bakara í smábæ í Minnesota sem bregður sér í hlutverk spæjara til að komast að því hver myrti vin hennar og vinnufélaga.
**22.00** Klovn Forever
**23.40** Phantom
**01.15** Almost Married Gamanmynd um stegginn Kyle sem fær kynsjúkdóm eftir geggjaða steggjaveislu rétt fyrir brúðkaup sitt sem setur strik í sambandsreikning hans og konuefnisins.
**02.50** Klovn Forever

## RÚV

**14.35** Kínverska aðferðin
**15.05** ÓL fatlaðra: Skíðaskotfimi
**16.35** Níundi áratugurinn
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.08** Söguhúsið
**18.15** Krakkastígur
**18.22** Ormagöng
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Tracey Ullman tekur stöðuna
**20.15** Gettu betur
**21.25** Vikan með Gísla Marteini
**22.10** Banks lögreglufulltrúi - Bruni í hverjum blóðdropa
**23.45** Walliams & vinur
**00.25** ÓL fatlaðra: Svig - fyrri ferð
**02.20** ÓL fatlaðra: Skíðaskotfimi
**03.50** ÓL fatlaðra: Stórsvig
**04.30** Íþróttaafrek Íslendinga
**04.55** ÓL fatlaðra: Svig - seinni ferð

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Mick
**14.00** Man With a Plan
**14.20** Trúnó
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice USA
**21.00** The Bachelor
**22.30** The Bachelor
**23.15** 21 Jump Street
**03.10** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.50** The Walking Dead
**04.35** Penny Dreadful
**05.20** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

FJÖRÐUR

# KONUKVÖLD

## í miðbæ Hafnarfjarðar

föstudaginn 16. mars

**OPIÐ TIL KL. 22**

**20-40% afsláttur**



# TILBOÐ Í VERSLUNUM

Vörukynningar | Trúbador

Atriði úr Lísu í Undralandi | Kórsöngur o.fl.

Skóhöllin – Eurosko · Firði
Smart Boutique
Úr & Gull – Firði · Miðbæ Hafnarfjarðar · Sími: 565 4666
Body Zone
KONA
Burgers – Kringlan · Fjörður
Lyf & heilsa – Við hlustum!
Fagrir Fingur – naglastofa
Herra hafnarfjörður
Mind – fyrir konur
Beauty Salon – Snyrtistofa
Kósý – Hornið
Smart Beds – by Colombo 907
My Pet – Fjörður
augastaður – Gleraugnaverslunin þín
Jón Arilíus – Kökulist
Hárvörur
Carter – hársnyrtistofa
Leikfangaland.is
Rakarastofan Basic
Striga Prent
Spánar heimili – Þitt annað heimili
4you

# Þegar þú ferð á tónlistarhátíð




Tónlistarhátíðin Sónar verður haldin um helgina í Hörpu og ýmislegt sem þarf að huga að svo þér líði sem best. Það eru nokkrir hlutir sem þú þarft að hafa í huga, þægilegir skór, mittistaska og nóg af skrauti og litum. Notaðu ímyndunaraflið, en hér eru nokkrar hugmyndir frá Glamour.

Þægilegir skór eru mjög mikilvægir á tónlistarhátíðum. Þú stendur mikið og dansar, og enginn vill þurfa að fara fyrr heim af því að þeim sé svo illt í fótunum. Úrvalið af strigaskóm hér á landi hefur aldrei verið meira, hvort sem þú vilt stóra og litríka eða klassíska og einlita.

Samfestingar eru mjög þægilegar flíkur, þú getur hreyft þig nóg í þeim og þeir passa margir mjög vel við strigaskó. Farðu í þunnan hlýrabol undir og ef þér verður of heitt þá ferðu bara úr efri partinum og hnýtir ermarnar um mittið.

Mittistaska er sniðug leið til að geyma allt það helsta, þær eru léttar og hendur þínar eru fríar. Gæti ekki verið þægilegra.

Leyfðu þínum persónulega stíl að njóta sín, með skrautlegum jökkum og flottum sólgleraugum. Það eru engar reglur á svona tónlistarhátíð, því meira því betra.



Leyfðu þínum persónulega stíl að njóta sín og leiktu þér með það sem þú átt í fataskápnum.

Þessir skór eru frá Karhu og fást í Akkúrat.



Hvítir strigaskór virka alltaf. Þessir fást í Húrra Reykjavík.




Þessi taska er frá Wood Wood og fæst í Geysi.



Sólgleraugun setja punktinn yfir i-ið. Fást í Akkúrat.



Skrautlegur, bróderaður leðurjakki. Frá Storm & Marie og fæst í GK Reykjavík.





Samfestingar eru snilldarflíkur. Þessi er frá G-Star RAW.



Gallajakkinn er frá Envii og fæst í Galleri Sautján.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur




Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

www.mammaveitbest.is

# vestfrost

# TILBOÐSDAGAR

## 13. – 31. MARS

# 10-30% AFSLÁTTUR

Vestfrost framleiða einföld, ódýr og endingargóð tæki fyrir heimilið, nú á enn betra verði á Vestfrost tilboðsdögum.



**Vestfrost R272A**
Hvítur 152sm kæliskápur með frysti. 152L kælir og 46L frystir. Hljóð aðeins 39dB. Mál: 152x54x60 (HxBxD).

**TILBOÐ**
**34.995**
FULLT VERÐ 49.995



**Vestfrost CST50HB**
50sm eldavél með 4 steyptum hellum og 48L Multifunction 7 ofn með blæstri. Auðvelt að hreinsa.

**TILBOÐ**
**29.995**
FULLT VERÐ 34.995



**Vestfrost CST60HB**
60sm eldavél með 4 steyptum hellum og 56L Multifunction 7 ofni með blæstri. Auðvelt að hreinsa.

**TILBOÐ**
**34.995**
FULLT VERÐ 39.995



**Vestfrost CKE60DHB**
60sm eldavél með keramik helluborði með 4 hellum og 56L Multifunction 7 ofni með blæstri. Auðvelt að hreinsa.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 59.995



**Vestfrost R140**
Hvítur, nettur 85sm kæliskápur með 12L frystihólfi og 105L kæli. Hljóð 41dB. Mál: 84x54x59,5 (HxBxD).

**TILBOÐ**
**24.995**
FULLT VERÐ 29.995



**Vestfrost WM5100**
5kg 1000 snúninga þvottavél með íslensku stjórnborði.

**TILBOÐ**
**29.995**
FULLT VERÐ 34.995



**Vestfrost WM6400**
6kg 1400 snúninga þvottavél með íslensku stjórnborði, LCD skjá og stafrænni niðurtalningu á þvottatíma.

**TILBOÐ**
**39.995**
FULLT VERÐ 44.995



**Vestfrost WM8400**
8kg 1400 snúninga þvottavél með íslensku stjórnborði, LCD skjá með stafrænni niðurtalningu á þvottatíma og kolalausum mótor.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 59.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURRVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

GARÐS APÓTEK - í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk
og 3.000 tegundir af áklæðum




Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is









Undanfarið hefur færst í aukana að fólk panti eftirlíkingar til landsins í gegnum erlendar netverslanir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rétthafar hönnunar og tollurinn í samtali

Sumum þykir ekkert athugavert við að skreyta heimili sitt með eftirlíkingum af hönnunarvörum og margir panta slíkar eftirlíkingar á vefverslunum á borð við Ali Express. Þetta staðfestir yfirtollvörður.

Fallegar hönnunarvörur geta svo sannarlega lífgað upp á heimilið og glatt augað en það virðist ekki skipta sumt fólk máli hvort hönnun er ekta eða eftirlíking. Það getur yfirtollvörðurinn Hörður Davíð Harðarson staðfest en hann segir töluvert magn eftirlíkinga af ýmissi vinsælli hönnun koma hingað til landsins frá vefverslunum á borð við Ali Express.

Hinir ýmsu hópar hafa verið stofnaðir á Facebook þar sem fólk ræðir sín á milli hvar sé hægt að kaupa eftirlíkingar fyrir sem minnstan pening. Dæmi um slíkan hóp er Facebook-hópurinn Ódýr fagurkera heimili. Þar eru eftirlíkingar af skandinavískri hönnun vinsælastar, sem dæmi má nefna tréapann frá danska hönnuðinum Kay Bojesen. Sömu sögu má segja um lampana frá ítalska merkinu Kartell en fólk virðist ólmt í slíka lampa, hvort sem þeir eru ekta eða ekki. Og sumir monta sig meira að segja af því að hafa keypt eftirlíkingar af íslenskri hönnun.

Spurður út í hvort starfsmenn tollsins fargi einhvern tímann eftirlíkingum sem koma hingað til lands segir Hörður það hafa gerst. „Já, rétthafar hafa farið fram á að við stoppum sendingar og vilja fara í mál,“ segir Hörður og vísar svo í 132. grein í tollalögunum en þar segir að tollstjóra sé heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vöru ef grunur leikur á að verið sé að brjóta gegn hugverkaréttindum.

Hörður segir starfsmenn tollsins gjarnan hafa samband við rétthafa hönnunar ef þeir verða varir við eitthvað grunsamlegt „Þá spyrjum við rétthafa hvað þeir vilji gera. En við myndum ekki stoppa ömmu og afa sem eru að koma frá Kanarí með tvær falsaðar íþróttatreyjur.“



Eftirlíkingar af íslenskri hönnun eru komnar í umferð, sem dæmi má nefna Vaðfuglinn sem Sigurjón Pálsson hannaði.

Hann staðfestir að Íslendingar séu í auknum mæli að panta sér eftirlíkingar og að tollurinn eigi erfitt með að fylgjast með öllum sendingum. „Það er erfitt að fylgjast með þessu, það er svo mikið um þetta.“

Hörður veit að Danir taka afar hart á hönnunarstuldi. „Svo eru það Danir, þeir leggja hald á allt saman. Maður hefur alveg heyrt af því að Íslendingar séu að panta eftirlíkingar af danskri hönnun á erlendum vefverslunum en sendingin fer í gegnum Danmörku á leiðinni og þar er hún stoppuð, gegnumlýst og vörunni fargað,“ segir hann og hlær.

„Okkur Íslendingum virðist ekki þykja neitt mál að vera með eitthvað falsað. Þetta er bara kúltúrinn okkar. Og það er allt falsað í heiminum, ef einhver er búinn að leggja vinnu í það að koma vöru á markað þá koma falsanir eftir á,“ segir Hörður og tekur raftæki, mat, lyf og snyrtivörur sem dæmi. Hann bendir á að eftirlíkingar séu oftar en ekki framleiddar við vafasamar aðstæður.

**gudnyhronn@frettabladid.is**



Sumt fólk svífst einskis og hikar ekki við að kaupa falsaða hönnun á netinu.


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

2.118 kr.

2.358 kr.



MINI BROWNIES 96 STK. Í PK.

MINI BROWNIES M/PECAN HNETUM 96 STK. Í PK.

1.948 kr./pk.




SMÁPIZZUR 40 STK. Í PK. 3 GERÐIR

4.998 kr.




SATAY KJÚKLINGASPJÓT, 50 STK. Í PK.

# FJARÐARKAUP
# FYRIR FERMINGUNA

1.158 kr.

2.088 kr.



KÓKOS KRANSATOPPAR 65 STK. Í PK.

VANILLUBOLLUR M/SÚKKULAÐI OG HNETUM 68 STK. Í PK.

2.998 kr.




BUTTERFLY RÆKJA 1 KG

2.358 kr.

1.198 kr.



VATNSDEIGSBOLLUR M/SALTAÐRI KARAMELLU 60 STK. Í PK.

VATNSDEIGSBOLLUR 80 STK. Í PK.

678 kr.




SPRINGROLL 900G

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

FK FJARÐARKAUP

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**
Maríu Bjarnadóttur



# Ástandspabbar

Á leiðinni á flugvöllinn heyrðum við pabbi viðtal við mann sem var „ástandsbarn“. Maðurinn átti hálfbróður í Bandaríkjunum sem hafði uppi á honum á efri árum.

**Af flugvellinum flaug ég til New York á kvennaréttarþing Sameinuðu þjóðanna. Hér hefur mér daglega orðið hugsað til hins fullorðna ástandsbarns, mömmu hans og pabba.**

**Hér er talað um kyn- og frjósemisréttindi kvenna. Ástandið þegar konur fá ekki að stýra ákvörðunum um líkama sinn. Þá er ekki hægt annað en að hugsa um ástandið á ástandsárunum þegar karlar bjuggu til börn sem þeir yfirgáfu og dæmandi viðhorf samfélagsins til kvenna sem eignuðust þessi sömu börn. Þessi íslenska fortíð er þó nútími í fjölmörgum ríkjum.**

**Hér er talað um hlutverk karla og drengja í jafnréttisbaráttunni. Pabbar þessa heims standi fæstir í æfingaskutli og uppvaski af sama krafti og margir íslenskir nútímapabbar. Fæðingarorlof fyrir báða foreldra að norrænni fyrirmynd er nánast sjálfsagt í huga Íslendinga, en fjarlæg framtíðarmúsík og forréttindi í huga annarra. Það er með stefnumörkun eins og fæðingarorlofi sem stjórnvöld geta haft áhrif á jafnari stöðu kynjanna. Það eru samt ekki bara stjórnvöld sem geta breytt viðhorfum.**

**Hér er talað um hvernig sé hægt að breyta skaðlegum staðalímyndum um kynin. Sem betur fer hefur molnað eitthvað undan þeim, þó þær hafi efalaust takmarkað möguleika einhverra ástandspabba til að hafa samband við börnin sem þeir yfirgáfu. Kannski hefðu þeir viljað kveðja barnið sitt á flugvellinum og segjast elska það og vera stoltir af því. Þá hefði æska ástandsbarnsins kannski litast af öðru en að upplifa sig sem byrði.**

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



HEILSUDÝNUR OG -RÚM
LÝKUR Á MORGUN
LAUGARDAG



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
Seljum í stuttan tíma eldri gerðir rúma, sýningareintök og skiptidýnur með veglegum afslætti.
25-50% AFSLÁTTUR
FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477
DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100
AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK